

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands haldinn í Bændahöllinni 4. nóvember 1994 kl 14:00

Stefanía Sigurðardóttir setti fundinn fyrir hönd stjórnar og stakk uppá Ólafi R. Dýrmundssyni sem fundarstjóra.

Ólafur kynnti dagskrá fundarins samkvæmt fundarboði, sem var svohljóðandi:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kostning stjórnar.
3. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust um málefni fundarins.

Sigurveig Buch bað um orðið. Hún útskýrði hvers vegna hún væri í þeirri stöðu að hafa komið á þessum fundi. Hún sagðist hafa talað við formann og hann ekki hafa talið ástæðu til að halda þennan fund. Þar sem hann hafi ekki boðað til fundar tvö síðast liðin ár, fannst henni að félagið mætti ekki leggjast niður, enda hafi það alltaf verið sitt óskabarn.

Sigurveig kvaðst ekki taka að sér stöðu í aðalstjórn nú, þar sem hún væri ekki lengur geitfjáreigandi, og vildi því hleypa að öðrum, sem ættu geitur. Hún sagðist áfram vilja starfa í félaginu að hagsmunamálum þess.

Fundarstjóri tók til máls og útskýrði hvers vegna skýrsla formanns væri ekki kinnt hér, þar sem formaður væri ekki mættur á fundinn, enda starfsemi félagsins legið niðri frá því á síðasta aðalfundi.

Fundarstjóri bað því næst um skýrslu gjaldkera. Sigurveig útskýrði reikninga félagsins og dreifði eintökum til fundarmanna. Staðan nú var 25.572,20 kr. Reikningurinn var samþykktur samhljóða og undirritaður af endurskoðendum, Jóhönnu B. Þorvaldsdóttur og Jóni Einari Rafnssyni.

Því næst las ritari félagsins Stefanía Sigurðardóttir, fundargerð síðasta aðalfundar.

Að því búnu kom fram fyrirspurn um fyrirkomulag kosninga til stjórnar. Fundarstjóri upplýsti að kjósa mætti stjórn uppá nýtt. Það bryti ekkii í bága við lög félagsins, þar sem þrjú ár væru liði frá því að stjórn hafði verið kosin, og því ættu allir stjórnarmenn að vera gengnir úr. Hann stakk upp á að byrjað yrði að kjósa um formann, og bað um uppástungur frá fundarmönnum.

Kosningar fóru svo:

Formaður:..... Hinrik Guðmundsson

Gjaldkeri:..... Jóhanna B. Þorvaldsdóttir

Ritari:..... Stefanía Sigurðardóttir

Varamenn:..... 1. Sigurjón Bláfeld

..... 2. Sigurveig Buch

Endurskoðendur:.... Jón Einar Rafnsson

..... Ásdís Ársælsdóttir

Að loknum kosningum voru tekin fyrir önnur mál.

Hinrik Guðmundsson bað um orðið og þakkaði traustið. Hann kvaðst vonast til að geta haldið fundi og talað við fólkið sem væri með sér í félaginu. Hann ræddi áhyggjur sínar af skyldleika í geitastofninum og vék að möguleikum á sæðingum. Hinrik sagðist hafa talað við forsvarsmenn sæðingastöðva í Borgarfirði og á suðurlandi, sem báðir hefðu tekið vel í þennan möguleika, ef samráð væri haft við dýralækna og sauðfjárveikivarnir. Þeir töldu að mikið álag væri á sauðfjársæðingatíma og einnig að líklegt væri að æternisskýrslur yrðu að liggja að baki þeim gripum sem notaðir væru til sæðinga. Til greina gæti komið að taka sæði úr höfnum heima á bæjum. Sigurveig spurði um hver geitastyrkurinn yrði nú, og hvenær hann bærisk til eigenda. Ólafur kvaðst vonast eftir svipuðum styrk og í fyrra og ætti hann að berast á næstunni. Geitur væru 348 samkvæmt forðagæslu 1993 – 94 og hafa ekki verið fleiri í mörg ár. Eigendur væru 47.

Ólafur taldi upp þá, sem skiluðu skýrslum á síðasta ári og hvatti menn til að skila skýrslum, á þeim byggðist styrkurinn, sem menn fengju. Menn gengju aðeins greitt samkvæmt þessum skýrslum, en ekki forðagæslunni.

Spurt var um liti í íslenska geitastofninum og hvort kollótti eiginleikinn og golsóttur litur væru e.t.v. í útrýmingarhættu. Talað var um að bæta inná skýrslur, upplýsingum um hvort gripirnir væri kollóttur eða hyrndur og jafnvel þunga gripa, ef menn treystu sér til.

Ólafur sagðist hafa tekið saman geitaskýrslur frá undanförunum árum og sent Stefáni Aðalsteinssyni, sem síðan reiknaði út skyldleika stofnsins. Allur stofninn væri nú kominn í tölvu hjá honum. Skyldleikastuðull er uppá 21% sem er hættulega mikið og á einstöku búum yfir 70 %. Fram kom að 1,15 kið fæðist eftir hverja geit. Ólafur vitnaði til Stefáns um að sæðinga gætu aukið skyldleika innan stofnsins, vegna smæðar hans. Benti hann á hliðstæður í sambandi við íslenska hundinn og einnig þar sem sæðingar hafa verið notaðar til ræktunar forystufés á Íslandi. Taldi hann mjög varhugavert að fara út í sæðingar á geitum, nema að góð stjórnun væri höfð á málum og hvatti til að athugaðir yrðu betur mögulekar á flutningum milli svæða á lifandi dýrum. Rætt var um grein eftir Höllu Eygló Sveinsdóttur. Þar kom m.a. fram að mikill munur er á vaxtarhraða kiðlinga eftir bæjum, í skýrslum þeim, sem hún lét gera. Töldu menn að þar væri skýringa fyrst og fremst að leita á aðbúnaði.

Ólafur kvaðst hafa kannað með að koma höftrum fyrir á sæðingartöð, en fengið neikvæð viðbrögð. Hann vildi þó láta skoða málin, en taldi þau ekki svo einföld í meðförum.

Umræður urðu um geitaosta, m.a. hvernig þeir hefðu reynst í Búðardal á sínum tíma, hvort að framhald gæti orðið á framleiðslu þeirra í mjólkurbúum og hvort möguleiki væri á ostagerð heima á bæjum.

Að umræðum loknum var fundi slitið.

Þeir sem sátu fundinn voru:

Ólafur R Dýrmundsson Reykjavík

Hinrik Ó Guðmundsson Bóli

Sigurjón Bláfeld f. Húsdýragarð Rvík

Brynjar finnsson Litlu-Brekku Eyjaf.

Ásdís Ársælsdóttir Stóra-Hálsi Grafningi

Jónína Ísleifsdóttir

Jón Einar Rafnsson Einifelli

Jóhanna B Þorvaldsdóttir Háafelli

Sigurveig Buch Reykjavík

Stefanía Sigurðardóttir Vorsabæ II Skeið.

Aðalfundur Geitfjárræktarfélag Íslands, haldinn í Félagsbæ Borgarnesi, 4. nóvember 1995.

Hinrik Ó. Guðmundsson formaður félagsins setti fundinn og skipaði Helgu Eiríksdóttur fundarstjóra. Fundarritari var Stefanía Sigurðardóttir.

Á dagskrá fundarins var skýrsla stjórnar. Hinrik greindi frá fundi sem haldinn var 18. nóv '94, þar sem stjórn félagsins kom saman ásamt Ólafi R. Dýrmundssyni, Sigurði Sigurðarsyni, Þorsteini Ólafssyni og Emmu Eyþórsdóttur. Þar var rætt um möguleika á sæðingum og flutningi gripa á milli svæða, en þótti of seint að fara út í slíkt á því ári.

Þá greindi Hinrik frá stjórnarfundum sem haldinn var 2. september síðastliðinn, þar sem ákveðið var að senda út fréttabréf til allra geitfjáreigenda á landinu, til að kanna áhuga fyrir að sækja um leyfi til að fá gripi annars staðar frá, eða sæði úr höfrum. Hinrik taldi merkilega lítið hafa komið út úr því. Aðeins fjórir aðilar höfðu sambandvegna bréfsins. Hinrik sagði þetta mál þungt í vöfum og hafi hann sjálfur sótt um í ágúst og sé það sennilega full seint þetta árið, en maður lærir af því upp á seinni tímann.

Hinrik greindi frá því með með hvaða hætti sæðingar gætu farið fram, þ.e.a.s. að sæði væri tekið úr völdum höfrum heima á bæjum og síðan farið með það til sæðinga á viðkomandi geitum. Ekki þýddi að hafa hafrana á sæðingastöð með öðrum búfjártegundum, þar sem slíkt er ekki leyfilegt samkvæmt lögum. Hætta er talin á að allar geitur gætu orðið út af einum eða tveimur höfrum seinna meir, ef sami hafur væri notaður á sæðingarstöð í langan tíma um allt land og síðar hafur undan honum o.s.f.v.

Hinrik bar kveðju til fundarins frá Ólafi R. Dýrmundssyni og kvaðst hann styrk vera á leiðinni, en einhverjar geitur væru e.t.v. ekki á skrá. 337 stk. eru á skrá hjá 48 aðilum. Áríðandi er að skila skýrslum til Ólafs, ella er styrkurinn ekki greiddur.

Næst las Stefanía Sigurðardóttir fundargerð síðasta aðalfundar.

Því næst skýrði Jóhanna B. Þorvaldsdóttir reikninga félagsins. Hún kvaðst ekki hafa sent út giróseðla enn til félagsmanna fyrir þetta ár. Hún vildi ræða að flytja aðalfund fram á vor, fólki sé e.t.v. frekar fært að komast á þeim tíma. Þá hefðum við einnig tímann fyrir okkur í sambandi við umsóknir á leyfum til flutninga og annað þess háttar. Þótti fundarmönnum sú hugmynd vel athugandi.

Fundarstjóri spurði frá eigin brjósti hvort ekki væri athugandi að senda út fundargerð til félagsmanna, svo að þeir gætu fylgst með, sem ekki kæmust á fundinn.

Jóhanna bar upp hugmynd um að mynda lengiliði út um land, til að efla starf félagsins, og urðu nokkrar umræður um þessi mál.

Sigurjón Bláfeld tók til máls og vildi þakka stjórninni fyrir sitt starf og sagði að sér hefði þótt vænt um að fá bréfið frá henni í haust. Síðan vék hann að málum er snerta geitastofninn í Húsdúragarðinum, en en þar þurfti að skipta um stofn, vegna garnaveiki. Geitur fengust í staðinn frá Fjallalækjarseli í Þistilfirði. Hinar eru í einangrun.

Urðu nokkrar umræður um geiturnar í garðinum.

Gengið var til kosninga og nú skyldi kosið um formann. Var einróma samþykkt að Hinrik Ó. Guðmundsson skyldi kosinn áfram sem formaður og hann klappaður upp.

Samþykkt var að félagsgjöld héldust óbreytt.

Helga fjallaði um tilraun sem hafði verið gerð með geitahár á Hvanneyri af Jóhönnu Pálmadóttur.

Þar var fengist við mun á klipptu geitahári og kembdu, og fékkst meira magn með klippingu.

Sigurjón kvatti til að kemma geitur eða klippa og koma ullinni til einhverra aðila, sem gætu unnið úr henni. Hann talaði um að fá þyrfti leyfi til að gera osta heima á bæjum. Ostar gætu orðið vinsælir t.d. á Keflavíkurlflugvelli.

Þá urðu umræður um hollustu ógerilsneiddrar mjólkur og um mismunandi tegund fitu í matvælum.

Sigurjón talaði um að mjög mikill þungi gæti verið á kiðlingum á haustin, eða yfir 20 kr fallþungi.

Fundarmenn ræddu um hvaða ástæður væru fyrir því, að fólk hefði geitur, og hvort það lægi sérvíska að baki.

Stefanía fjallaði um tilraun með sæðingar, sem gerð var í Vorsabæ á fengitíma fyrir tæpu ári síðan.

Þar voru samstilltar nokkrar geitur. Þorsteinn Ólafsson dýralæknir mætti og tók sæði úr þremur

höfrum og ransakaði. Leit það vel út að hans mati úr tveimur þeirra, en var lakara úr einum hafri, sem reyndar var þeirra elstur. Geiturnar voru síðan sæddar, alls fjórar. Um vorið kom svo í ljós að tvær þeirra höfðu fest fang, og þá sín með hvorum hafri.

Jóhanna og Hinrik töluðu um að fá fleiri til samstarfs vegna sæðinga og hafði m.a. verið rætt við Ólaf Vagnsson ráðunaut.

Sigurjón vakti upp spurningu um hvort ekki mætti reyna að fá styrk til sæðinga.

Umræður urðu um frjósemi geitastofnsins og báru menn saman bækur sínar í þeim efnum.

Spurningar vöknudu um hvaða verð við vildum fá fyrir ullina og eins um verðlagningu lífdýra og hvort við ættum að koma okkur saman um upphæðir í því sambandi. Voru nefndar 10.000 kr. fyrir lífdýr.

Hugmynd kom fram um að setja fram óskir um ákveðinn styrk á grip, sem nálgist fóðurkostnað, en hann er 6.000 kr. á ári.

Eftir að fólk hafði velt þessu fyrir sér, var fundi slitið.

Fundurinn var ekki fjölsóttur, en þeir sem sátu fundinn voru:

Stefanía Sigurðardóttir Vorsabæ II

Helga Eiríksdóttir Bóli

Hinrik Ó Guðmundsson Bóli

Jóhanna B Þorvaldsdóttir Háafelli

Sigurjón Bláfeld Reykjavík

Grétar B Ingvarsson Þorbergsstöðum

Gísli Þórþarson Mýrdal Kolbeinsstaðahrepp.

Aðalfundur Geitfjárræktarfélagss Íslands, haldinn í Bændahöllinni Reykjavík 8. nóvember 1996.

Hinrik Ó. Guðmundsson formaður félagsins setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Hann bað Ólaf R Dýrmundsson um að taka að sér fundarstjórn, sem hann gerði og gat þess um leið að Sigurður Sigurðarsson dýralæknir væri væntanlegur á fundinn.

Fyrsta mál fundarins var skýrsla stjórnar. Hinrik kvað sér hljóðs. Hann sagði að starf stjórnarinnar hafi aðallega farið fram í gegnum síma. Nokkrar fyrirspurnir hafi borist um flutninga geita á milli bæja. Leitað var álits hans sem formanns Geitfjárræktarfélagssins um flutninga frá Þerney, sem voru fluttar að Sólheimum í Grímsnesi. Sá stofn er sérstakur að því leiti að í honum fyrirfinnast bæði kollóttar geitur og golsóttar.

Fyrirspurn kom frá fundarmanni um hvað félagið hyggðist gera við geiturnar á Sólheimum og svaraði Hinrik því að þær þyrftu fyrst og fremst að lifa, svo hægt væri að viðhalda þeim eiginleikum, sem þær búa yfir.

Næst kynnti gjaldkeri félagsins, Jóhanna Þorvaldsdóttir reikninga sem voru eftirfarandi:

Fyrri inneign ásamt tekjum: 63.820 kr.

Ýmis gjöld: 8.108 kr.

Staða inneignar núna: 55.712 kr.

Jóhanna minntist á að gjöldi félagsmanna nú væru 28, en geitaeigendur töldust 46 í fyrra haust.

Þar næst las ritari félagsins, Stefanía Sigurðardóttir, fundargerð síðasta aðalfundar.

Nýr aðili gekk í félagið, en það var Bergsveinn Þórisson, f.h. heimilisins á Sólheimum.

Gengið var til kosninga. Að þessu sinni skyldi varpa hlutkesti um hvort gjaldkeri eða ritari gengi úr stjórn, og kom upp hlutur ritara. Stefanía gaf kost á sér til áframhaldandi setu og var hún einróma endurkjörin.

Kjóra þurfti um varamenn í stjórn og hlutu þar kosningu, Margrét Dögg Haldórsdóttir og Bergsveinn Þórisson, en um kjör endurskoðenda, Gísli Þórðarson og Ásdís Ársælsdóttir.

Nú var Sigurður Sigurðarson mættur á fundinn og bauð fundarstjóri hann velkominn um leið og hann upplýsti fundarfólk örlítið frá eigin brjósti. Ólafur sagði að ásettar geitur á fyrra haust hefðu verið 350, sem er með mesta móti undanfarna áratugi. Geitahjarðirnar eru 46 og dreifast sámilega um landið, en sum svæði eru þó án geita. Stofninn er mikið skyldleikaræktaður samkvæmt ransóknum. Varaði Ólafur við að sæðingar gætu leitt til aukinnar skyldleikaræktar, en betra væri að nota sem flesta hafra.

Ólafur sagði að við yrðum að fá skýrari ramma um hvað við mættum varðansi flutninga gripa.

Ekki væri vitað til að riða hafi greinst í geit hér á landi. Þar sem fé hefur verið skorið niður vegna riðu, hafa geitur verið skornar líka.

Fundarstjóri gaf Sigurði orðið, sem tók þá til máls. Sigurður sagði lengi hafa verið tregðu á tilflutningi geita, vegna smitsjúkdóma í sauðfé. Flestir eða allir sjúkdómar, sem fara í sauðfé, fara einnig í geitur. Taldi Sigurður ekki viturlegt að fara mikið út í sæðingar, en mælti ekki heldur með að flytja gripi á milli. Skýrsluhald væri grundvallaratriði. Hann mæltist fyrir um að geitur væru einstaklingsræktaðar og merktar og það gert að skylyrði fyrir leyfi til flutninga að eða frá bæjum. Einnig skyldi tekið fram um afföll geita úr hjörð. Sigurður vildi bjóða geitfjáreigendum upp á að taka þeim að kosnaðarlausu til ransóknar á Rala, geitur sem drepast af ókunnum ástæðum. Geta menn þá haft samband við hann. Með þessu móli gætu opnast skylyrði fyrir umsóknum til flutninga. Fram kom hjá Sigurði að hann treysti sér til að leyfa flutninga frá Fjallalækjarseli í Þistilfirði, næstum hvert sem er.

Aðspurður sagðist Sigurður aldrei hafa séð tannlos í geit, en þær gætu hugsanlega borið smit samt. Umsókn hafði borist um flutning á geitum frá Hilmari á Langárfossi til Hafsteins á Geldingaá. Þau skylyrði voru sett að þær væru í heldri girðingu í minnst tvö ár.

Þá kom fram hjá Hinriki að fleiri aðila hafi einnig haft samband sem vildu fá aðfluttar geitur, og óskaði Sigurður eftir að formaður tæki saman bréf um umsókn þar að lútandi.

Áhugi var á fundinum fyrir að láta geitastofninn á Langárfossi ekki glatast niður.

Nokkrar fyrirspurnir komu til Sigurðar varðandi sjúkdóma, t.d. sólarofnæmi og garnaveiki og spunnust umræður um slík mál.

Ólafur tók enn til máls og talaði um stofnverndarstyrkinn, sem var 2.800 kr. á hverja geit, síðast þegar greitt var. Nú er væntanleg greiðsla fyrir skýrsluárið 1994 – 1995. Um 30% geitfjáreigenda skiluðu ekki skýrslu og er styrku ekki greiddur til þeirra. Nokkrar umræður urðu um skýrsluhaldið. Ólafur útbítti á fundinum riti um skyldleikarækt í íslenskum geitum eftir Stefán Aðalsteinsson, Ólaf R dýrmundsson, Sigríði Bjarnadóttur og Emmu Eyþórsdóttur. Einnig útbítti hann riti um íslenska geitfjárkinið eftir Höllu Eygló Sveinsdóttur.

Hinrið sagðist hafa haft samband við mjólkursamlagiði Búðardal um reynslu þeirra af ostagerð úr geitamjólk og kom þar fram að enn væri spurt eftir ostum, sem framleiddir voru á sínum tíma. Samlagið væri reiðubúið til að gera osta, ef það fengi mjólk. Hægt er að frysta mjólkina og geymist hún þá upp undir 6 mánuði. Þannig er hægt að safna saman, hvaðan sem er af landinu.

Hinrik hafði samband við SS vegna geitakjöts, en það vill ekki slátra geitum og alls ekki taka að sér sölu. Afurðasalan Borgarnesi tók jákvætt í hlutina og jafnvel markaðssetningu.

Umræður urðu um hafrabragð (sem er sambærilegt hrútabragði) og hvernig mætti forðast það. Rætt var um markaðssetningu almennt, og barst þá tal einnig að geitaskinum, (eða stökum) og hvernig nýting gæti orðið á þeim.

Ólafur kom inná lífræna ræktun og út á hvað hún gengi. Ef slík ræktun fæst vottuð, teljast allar afurðir hennar lífrænar, þ.e.a.s. mjólk, kjöt og skinn, og hægt væri að fara fram á hærra verð.

Margvísleg skylyrði þarf að uppfylla til að svo geti orðið, svo sem að leyfa skepnum að komast út yfir vetrartímamann og að þeim sé slátrað alveg sér í sláturhúsum og margt fleira.

Talið barst aftur að garnaveiki og sagði Sigurður það fyrirbyggjandi að bólusetja nógu snemma t.d. tveggja vikna gamalt.

Því var velt fyrir sér hvort stofninn í Fjallalækjarseli væri ekki orðinn það skyldleikaræktaður, að hann þyrfti innblöndun og hvort þar hentaði betur að notast við sæðinga í því tilfelli, vegna þeirrar sérstöðu á þeim stað að hann lelst tiltölulega laus við smitsjúkdóma.

Að lokum var rætt um, hvernig nota ætti ýmis orð eins og hafur, huðna, geit, geitfé, steinn og staka. Var fundi síðan slitið.

Á fundinum sátu:

Stefanía Sigurðardóttir Vorsabæ II

Jóhanna B Þorvaldsdóttir Háafelli

Þorvarður Friðbjörnsson Húsdýragarður

Margrét Dögg Haldórsdóttir Húsdýragarður

Bergsveinn Þórisson Sólheimum

Hinrik Ó Guðmundsson Bóli

Ólafur R dýrmundsson Jóruseli 12 R / Bændasamtök Íslands.

Aðalfundur Geitfjárræktarfélagss Íslands, haldinn í Bændahöllinni 14. nóvember 1997 kl 14:00. Hinrik Ó Guðmundsson formaður setti fundinn og skipaði Ólaf R dýrmundsson fundarstjóra, en ritari var Stefanía Sigurðasdóttir.

Hinrik flutti skýrslu formanns. Þar kom fram að stjórnin hefur einjum haft samband gegnum síma á árinu. Starfað hefur verið að markaðsetningu kjöts, þá hafa flutningar á geitum borið á góma og sæðingar. Einn félagi vildi fá sæðingar, og þá til að sækjast í litarafríð. Hefur Hinrik talað við Þorstein Ólafsson og Sigurð Sigurarson og eru þeir hlinntir málinu.

Jóhanna B Þorvaldsdóttir gerði grein fyrir reikningum félagsins:

Staðan frá fyrra ári var..... 55.712 kr.

Árgjöld frá árinu '95 voru..... 3.000 kr.

Vextir..... 2.036

Samtals..... 60.748 kr.

Gjöld voru..... 10.000 kr.

Inneign um síðustu áramót..... 50.748 kr.

Orðið var gefið laust um skýrslu formanns og gjaldkera.

Sigurgeir á Sólheimum taldi að sæðingar gætu verið spennandi varðandi kollóttu genin, en þau finnast jafnvel ekki víðar en á Sólheimum.

Ólafur kvaðst vilja fá upplýsingar um hvort kollóttar geitur leynistvíðar á landinu, æskilegt væri að stjórnin skoðaði áfram möguleika á sæðingum.

Mikill áhugi var hjá fundarfólki að tekið yrði sæði úr kollóttum hafri á Sólheimum í Grímsnesi, til notkunar annarsstaðar, svo að útbreiða mætti og varðveita kollótt gen.

Reikningar félagsins voru samþykktir. Fundarstjóri gerði grein fyrir kosningu og var Jóhanna Þorvaldsdóttir endurkjörin gjaldkeri, Ásdís Sveinbjörnsdóttir varamaður í stjórn og Gísli Þórðarson endurskoðandi.

Því næst las Stefanía Sigurðardóttir fundargerð síðasta aðalfundar.

Hinrik tók til máls um markaðsmál geitakjöts og sagði að Hótel Loftleiðir hefðu notað kjöt villibráðarkvöldum. Tveir skrokkar komust inn hjá K.Á. á Selfossi og gekk salan vel og var beðið um meira. Voru þeim útvegaðir sex skrokkar í viðbót, og vilja fá meira á næsta ári. Þá tók K.B. í Borgarnesi tvo skrokka ísölu, Skagaver einn skrokk og Hagkaup nokkra. Verð á geitakjöti til framleiðenda var 337 kr. fyrir utan virðisaukaskatt á þessum stöðum, nema 400 kr hjá Loftleiðum. Kjötið var mjög vel framsett og kynnt hjá K.Á. Hinrik vildi láta koma fram að slátursamslag Skagfirðinga hafi verið mjög samvinnuþýtt með slátrun á geitum.

Jóhanna talaði um stökurnar og sútun á þeim, og kvað sér hafa verið sagt að gæði og styrkleiki skinnanna væri mjög góður til að vinna úr.

Umræður voru um að fá meira verð fyrir kjötið, brýnt væri að koma í veg fyrir heimaslátrun á kjöti á markað og forðast hafrabragð, með því að slátra hafurkiðum nógu snemma, eða gelda þau, ef slátra ætti seinna.

Rætt var um matreiðsluhætti á kjötinu, reikingu o.fl.

Gert var kaffihlé.

Umræður hófust að nýju og rækki Ólafur um geitafjölda og skýrslugerð. Veturinn 1996 – 97 voru á forðagæsluskýrslum 403 stk, sem er metfjöldi. Eigendur voru 51.

Vonast er eftir að stofnverndarframlag verði svipað og áður, eða um 2.450 kr. á hverja vetrarfóðraða geit, sem færð er inn á geitaskýrslu.

Ólafur vildi taka til athugunar að breryta skýrslueyðublaðinu og sýndi fundarfólki hugmynd að útfærslu, sem gæti komið til greina á næsta ári.

Ólafur benti á að félagið gæti sett upp viðmiðunarverð á geitakjöti og jafnvel flokka. Einnig væri æskilegt að koma á framfæri ábendingum um, hvers þyrfti að gæta með gæði kjötsins, t.d. með dreifibréfi.

Í lok fundarins voru umræður um hvernig ætti að standa að markaðsmálum í framtíðinni.

Eftir það var fundi slitið.

Þeir sem sátu fundinn voru:

Stefanía Sigurðardóttir Vorsabæ II Skeiðahr.

Hinrik Ó Guðmundsson Bóli Bisk.

Sigurgeir Þorbjörnss. Sólheimar Grímsnesi.

Hafsteinn Hrafn Daníelsson Geldingaá

Ólafur R dýrmundsson Bændasamtök Íslands.

Ásdís Ársæls. Stóra-Hálsi

Sigurveig Buch Laufengi 9 R.vík.

Jóhanna B þorvaldsdóttir Háafelli

Aðalfundur Geitfjárræktarfélagss Íslands, haldinn í Bændahöllinni 14. nóvember 1997 kl 14:00.

Hinrik Ó Guðmundsson formaður setti fundinn og skipaði Ólaf R dýrmundsson fundarstjóra, en ritari var Stefanía Sigurðasdóttir.

Hinrik flutti skýrslu formanns. Þar kom fram að stjórnin hefur einjum haft samband gegnum síma á árinu. Starfað hefur verið að markaðsetningu kjöts, þá hafa flutningar á geitum borið á góma og sæðingar. Einn félagi vildi fá sæðingar, og þá til að sækjast í litarafríðgi. Hefur Hinrik talað við Þorstein Ólafsson og Sigurð Sigurarson og eru þeir hlinntir málinu.

Jóhanna B Þorvaldsdóttir gerði grein fyrir reikningum félagsins:

Staðan frá fyrra ári var..... 55.712 kr.

Árgjöld frá árinu '95 voru..... 3.000 kr.

Vextir..... 2.036

Samtals..... 60.748 kr.

Gjöld voru..... 10.000 kr.

Inneign um síðustu áramót..... 50.748 kr.

Orðið var gefið laust um skýrslu formanns og gjaldkera.

Sigurgeir á Sólheimum taldi að sæðingar gætu verið spennandi varðandi kollóttu genin, en þau finnast jafnvel ekki víðar en á Sólheimum.

Ólafur kvaðst vilja fá upplýsingar um hvort kollóttar geitur leynistvíðar á landinu, æskilegt væri að stjórnin skoðaði áfram möguleika á sæðingum.

Mikill áhugi var hjá fundarfólki að tekið yrði sæði úr kollóttum hafri á Sólheimum í Grímsnesi, til notkunar annarsstaðar, svo að útbreiða mætti og varðveita kollótt gen.

Reikningar félagsins voru samþykktir. Fundarstjóri gerði grein fyrir kosningu og var Jóhanna Þorvaldsdóttir endurkjörin gjaldkeri, Ásdís Sveinbjörnsdóttir varamaður í stjórn og Gísli Þórðarson endurskoðandi.

Því næst las Stefanía Sigurðardóttir fundargerð síðasta aðalfundar.

Hinrik tók til máls um markaðsmál geitakjöts og sagði að Hótel Loftleiðir hefðu notað kjöt villibráðarkvöldum. Tveir skrokkar komust inn hjá K.Á. á Selfossi og gekk salan vel og var beðið um meira. Voru þeim útvegaðir sex skrokkar í viðbót, og vilja fá meira á næsta ári. Þá tók K.B. í Borgarnesi tvo skrokka ísölu, Skagaver einn skrokk og Hagkaup nokkra. Verð á geitakjöti til framleiðenda var 337 kr. fyrir utan virðisaukaskatt á þessum stöðum, nema 400 kr hjá Loftleiðum. Kjötið var mjög vel framsett og kynnt hjá K.Á. Hinrik vildi láta koma fram að slátursamlag Skagfirðinga hafi verið mjög samvinnuþýtt með slátrun á geitum.

Jóhanna talaði um stökurnar og sýtun á þeim, og kvað sér hafa verið sagt að gæði og styrkleiki skinnanna væri mjög góður til að vinna úr.

Umræður voru um að fá meira verð fyrir kjötið, brýnt væri að koma í veg fyrir heimaslátrun á kjöti á markað og forðast hafrabragð, með því að slátra hafurkiðum nógu snemma, eða gelda þau, ef slátra ætti seinna.

Rætt var um matreiðsluhætti á kjötinu, reikingu o.fl.

Gert var kaffihlé.

Umræður hófust að nýju og rækki Ólafur um geitafjölda og skýrslugerð. Veturinn 1996 – 97 voru á forðagæsluskýrslum 403 stk, sem er metfjöldi. Eigendur voru 51.

Vonast er eftir að stofnverndarframlag verði svipað og áður, eða um 2.450 kr. á hverja vetrarfóðraða geit, sem færð er inn á geitaskýrslu.

Ólafur vildi taka til athugunar að breryta skýrslueyðublaðinu og sýndi fundarfólki hugmynd að útfærslu, sem gæti komið til greina á næsta ári.

Ólafur benti á að félagið gæti sett upp viðmiðunarverð á geitakjöti og jafnvel flokka. Einnig væri æskilegt að koma á framfæri ábendingum um, hvers þyrfti að gæta með gæði kjötsins, t.d. með dreifibréfi.

Í lok fundarins voru umræður um hvernig ætti að standa að markaðsmálum í framtíðinni.

Eftir það var fundi slitið.

Þeir sem sátu fundinn voru:

Stefanía Sigurðardóttir Vorsabæ II Skeiðahr.

Hinrik Ó Guðmundsson Bóli Bisk.

Sigurgeir Þorbjörnss. Sólheimar Grímsnesi.

Hafsteinn Hrafn Daníelsson Geldingá

Ólafur R dýrmundsson Bændasamtök Íslands.

Ásdís Ársæls. Stóra-Hálsi

Sigurveig Buch Laufengi 9 R.vík.

Jóhanna B Þorvaldsdóttir Háafelli

Aðalfundur Geitfjárræktarfélag Íslands 13. nóv. 1998 haldinn í Bændahöllinni.

Hinrik Ó Guðmundsson formaður félagsins setti fundinn og skipaði Stefaníu Sigurðasd. fundarritara og Ólaf R Dýrmundsson fundarstjóra.

Ólafur kinnsti fyrsta fundarlið, skýrslu formanns, sem Hinrik flutti.

Hinrik talaði um leiðir til að koma skinnnum og kjöti af geitum í verð. Hann komst í kinni við skósmið, sem vildi taka geitaskinn til prufu, en þau að vera verkuð sem mokka.

Sett hefur verið upp viðmiðunarverð fyrir geitakjöt, sem er 415 kr. án vsk. fyrir kg af kiðlingakjöti og geta menn haft það til hliðsjónar, sem vilja koma kjöti á markað, en að sjálfsögðu skuli slátrað í sláturhúsi.

Hinrik nefndi nokkra staði sem tekið höfðu við geitakjöti nú í ár, t.d. Óðinsvé, Fiðlarinn á Akureyri, KþÁ. ofl.

Þá kom fram í máli Hinriks að hann hafi hvatt menn til að sækja um sæðingar.

Jóhanna skýrði frá reikningum félagsins, sem voru eftirfarandi:

Tekjur:

Staða frá fyrra ári:..... 50.748,40 kr.

Árgjöld:..... 16.000,00 kr.

Eldri árgjöld:..... 26.000,00 kr.

Vextir:..... 2.310,87 kr.

Tekjur alls:..... 95.059,27 kr.

Gjöld

Gíróseðlar:..... 1.500,00 kr.

Frímerki '96:..... 735,00 kr.

Frímerki '97:..... 1.120,00 kr.

Ljósritun:..... 1.835,00 kr.

Fjármagnstekjuskattur:..... 231,00 kr.

Inneign:..... 89.638,27 kr.

Orðið var laust um skýrslu formanns og gjaldkera.

Spurt var um hver tekjuöflun félagsins væri, og svaraði Jóhanna því, að það væru eingöngu árgjöld félagsmanna.

Fram kom að tala félagsmanna væri 31, aftur á móti eru eigendur geita í landinu 57, en fjöldi geita er 417, sem er metfjöldi.

Ólafur minntist á skýrslugerðina og hverjir skiluðu skýrslum og taldi gott að fréttabréf kæmi frá félaginu fljótlega, þar sem m.a. mætti minna menn á að skila skýrslum. Formi skýrslueyðublaðsins hefur ekki verið breytt.

Reikningar félagsins voru samþykktir. Þá voru kosningar. Komið var að formann að ganga úr stjórn og var Hinrik Ó Guðmundsson endurkjörinn. Varamaður var kjörinn Tómas Guðmundsson og endurskoðandi Ásdís Ársælsdóttir.

Stefanía las fundargerð síðasta aðalfundar sem haldinn var 14. nóv. 1997.

Sigurður Sigurðarson dýralæknir var mættur til að fjalla um sjúkdóma í geitum. Ímáli hans kom fram að geitur væru fremur heilbrigðar hér á landi, nema helst mætti nefna garnaveiki. Vill Sigurður fá meiri upplýsingar um dauðsföll og orsakir þeirra. Skýrði hann síðan frá þeim sjúkdómum sem þekktir eru.

Í nýfæddum kiðlingum eru það:

- króknun við burð
- hungur
- vanskapanir.

Í ungum kiðlingum:

- skita
- meltingartruflun
- salmonella
- hnílsasótt
- chyptoporiðiosis (kryplasótt)

- blóðsótt
- garnaeitrun
- blóðeitrun
- naflasýking (liðabólga)
- stífkrampi
- fjöruskjögur (koparskortur)

Í fullorðnum geitum:

- Öndunarfærasýkingar vegna kulda, raka eða trekks, lungnapest eða kregða.
- Helti og ónóg klaufhirða
- Hníslasótt, en þar myndast mótstaða.
- Tennur, þó ef til vill ekki tannlos, en kýlapest fylgist oft að.
- Sveppaeitrun (úr fóðri t.d. rúllum)
- Fóstureitrun
- Súrdoði
- meltingarærasýkingar
- meltingatruflun
- garnaeitrun thiaminskortur
- Hvanneyrarveiki
- vítamín- eða snefilefnaskortur
- sníkjudýr þ.e.a.s. lungnaormar og inniflaormar
- munnangur
- garnaveiki

Sigurður lýsti fyrir okkur sögu garnaveiki. Hann sýndi slædsmyndir af hrljum og krufningu og ræddi um riðuveiki, sem hefur ekki fundist í geit hér á landi.

Á fundinum kom fram áhersla á að geitur væru merktar og skráðar.

Talað var um sæðingar og þá einkum sæðistöku úr kollóttum hafri á Sólheimum, til að miðla út víðar í geitastofninum. Sótt hefur verið um styrk til Bændasamtakanna.

Ólafur talaði um gæðastýringu, lífræna og vistvæna framleiðslu og útbítti reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu.

Taldi Ólafur auðvelt að fá vistvæna vottun á geitfjárafurðir, en Búnaðarsamböndin gefa vottun.

Aðrar kröfur og strangari eru gerðar til lífrænnar framleiðslu, t.d. ekki leyfður tilbúinn áburður og ekki fúkkalyf. En í báðum tilfellum skal einstaklingsskráning vera skilyrði.

Fróðlegum og spennandi fundi var lokið, en þeir sem sátu fundinn voru:

Ólafur R dýrmundsson

Jóhanna B Þorvaldsdóttir

Sigurveig Buch

Ásdís Ársæls.

Stefanía Sigurðardóttir

Hinrik Ó Guðmundsson

Aðalfundur Geitfjárræktarfélag Íslands haldinn í Bændahöllinni 12. nóv. 1999.

Formaður félagsins, Hinrik Ó Guðmundsson setti fund og skipaði Ólaf R Dýrmundsson fundarstjóra og Stefaníu Sigurðard. ritara fundarins.

Hinrik flutti skýrslu formanns. Hann sagði frá sæðingum, sem voru framkvæmdar á síðasta ári. Sæði var tekið úr hafri á Sólheimum í Grímsnesi og sæddar geitur á 2 bæjum í Borgarfirði og í Húsdýragarðinum. Í húsdýragarðinum voru sæddar 3 geitur og engin hélt. Á Háafelli voru sæddar 4 og 2 héldu og komu 3 kið. Ekki hafa fengist endanlegar niðurstöður um útkomuna á Geldingaá.

Kostnaður var 77.000 kr. (eða u.þ.b. 3.000 á geit f. utan svampa.)

Varðandi tilflutning geita milli bæja, þá voru 4 geitur fluttar frá Sólheimum að Háafelli, og frá Geldingaá 3 kið kollótt og hniflótt að Bóli í Biskupstungum.

Þá var haft samband við formann vegna skaðabótamáls, þar sem hafur var geltur án samráðs við eiganda og formaður beðinn um að leggja mat á skaðann.

Kjötsala hefur sumstaðar gengið treglega, en kjötið líkað vel þar sem það hefur komist á markað.

Hinrik sýndi fundarfólki inniskó, gerða úr kiðlingaskinni af skósmið nokkrum, Guðsteini að nafni, en hann hefði þó heldur óskað eftir mukkaverkuðu skinni.

Stefanía Sigurðardóttir las fundargerð síðasta aðalfundar.

Jóhanna B Þorvaldsdóttir las reikninga félagsins en þeir voru á þessa leið:

Tekjur

Inneign um áramót:..... 89.638

Árgjöld f '97:..... 7.000

Árgjöld '98:..... 21.000

Vextir:..... 1.998

Samtals:..... 119.636

Gjöld

Kaffi á aðalfundi '97:..... 1.600

Kaffi á aðalfundi '98:..... 1.600

Kostn. form. v/síma:..... 2.000

Sútun v/tilraunar:..... 2.998

Frímerki:..... 2.278

Gíró og umslög:..... 1.590

Fjármagnstekjuskatt..... 199

Samtals:..... 12.259

Innistæða á bók:..... 107.384

Las Jóhanna upp nöfn félaga, en þeim hefur fækkað milli ára úr 31 í 29.

Ólafur talaði um að eigendum geita hafi heldur fækkað og séu nú 47 – 48 en geitur í landinu um 430. Mjög mikilvægt sé að skila skýrslum.

Taldi Ólafur gleðilegt að sæðingar skiluðu árangri, þó svo að fangprósenta væri aðeins í kringum 30%. Síðan lýsti Ólafur ferli þess að hinn svokallaði Þerneyjarstofn var fluttur frá Sólheimum að Háafelli.

Kosning fór fram og skildi kosið um ritara félagsins. Var Stefanía Sigurðardóttir endurkjörin.

Stofnaður hefur verið reikningur vegna framkvæmda við aðbúnað geita á Háafelli, sem fluttar voru þangað frá Sólheimum. Bændasamtök Íslands lögðu inn 20.000 kr. en vörslumaður reikningsins er Gunnar Hólmsteinsson.

Gestur fundarins, Sigurður Sigurðarson var mættur og fjallaði hann um þær geitur, golsóttar og kollóttar, sem gefnar voru til Húsdýragarðsins af Karli Kristjánssyni, en voru síðan að veikjast af garnaveiki. Þessi stofn var síðan fluttur að Sólheimum í Grímsnesi, en réðist ekki við að hafa þar lengur af ýmsum ástæðum, m.a. vegna garnaveikilífella. Þá voru flutt 2 kið golsótt og 2 eldri geitur að Háafelli í Hvítársíðu, en þar var garnaveiki fyrir. Kostnaður var fyrirsjáanlegur til að vernda stofninn og gera viðunandi aðstöðu á bænum til að minka smithættu til annarra gripa á bænum.

Vegna framkvæmda hefur Sigurður sótt um styrk til Húsasmiðjunnar, Geitfjárræktarfélag Íslands, Bændasamtakanna, erfðanefndar búfjár, Hvítársíðuhrepps og Loftorku í Borgarnesi.

Sigurður las bréf til Félagsins um fluttning geitanna og framkvæmdir vegna þeirra.

Hinrik las upp tillögu um að félagið styrkti framkvæmdir um 60.000 kr. og var það samþykkt.
Spurt var um hvort til greina kæmi að hækka árgjald félagsins, sem er kr. 1.000 en það stendur ekki til.

Fundi slitið.

Þeir sem sátu fundinn:

Stefanía Sigurðardóttir

Jóhanna B Þorvaldsdóttir

Ásdís Ársælsdóttir

Hinrik Ó Guðmundsson

Sigurveig Buch

Ólafur R Dýrmundsson

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands haldinn í Bændahöllinni 10. nóv. 2000.

Hinrik Ó Guðmundsson setti fundinn og skipaði Ólaf R Dýrmundsson fundarstjóra og Stefaníu Sigurðardóttur fundarritara.

Því næst las Stefanía fundargerð síðasta aðalfundar.

Hinrik flutti skýrslu formanns. Þar kom fram að félagið hefur haft milligöngu um leyfi, vegna flutninga á geitum milli bæja. Leyfi hafa ekki alltaf fengist hjá dýralæknum, en þó í sumum tilfellum, enda ávalt farið með slíkar umsóknir með gát.

Hinrik sagði frá því að hann hafði setið á fundi hjá Lánasjóði Landbúnaðarnins, sem haldinn var á Selfossi, þar sem hann var boðaður sem fulltrúi Geitfjárræktarfélagsins.

Hinrik sýndi fundarfólki spunnið bandi úr ull af hans geitum, en nágrannakona hans hafði unnið verkið.

Jóhanna B Þorvaldsdóttir flutti skýrslu gjaldkera, sem var eftirfarandi.

Fyrri staða í bók:..... 107.385 kr.

Félagsgjöld f ár '97:..... 1.000 kr.

Félagsgjöld f ár '98:..... 10.000 kr.

Félagsgjöld f ár '99:..... 3.000 kr.

Vextir:..... 2.229

Samtals:..... 123.614 kr.

Gjöld vegna sæðinga:..... 12.000 kr

Í verndunarsjóð koll. geita:..... 60.000 kr.

Þjónustugjöld og skattur:..... 372 kr.

Samtals gjöld:..... 72.372 kr.

Inneign um áramót:..... 51.241

Reikningurinn var borinn undir atkvæði og samþykktur. Jóhanna talaði um að nýir félagar hafi bæst við og aðrir dottið út, en fjöldi félagsmanna væri svipaður.

Ólafur kinnnti næsta dagskrárlið, sem var erindi Jóhönnu um ferð hennar á þing norrænna geitfjáreigenda, sem haldið var í Noregi í haust.

Jóhanna kom til Noregs 28. ágúst og hafði aðsetur á lífrænum landbúnaðarskóla. Hún ferðaðist á mismunandi sel í nágrenninu og upplifði þar seljaaðstöðu og lífshætti þeim tengda. Þrifnaður var mjög góður á smáseljunum og natni í allri umgengni. Fékk hún að smakka geitaosta.

Hún kom á sel, sem var frá skólanum og 3 bæjum sameiginlega. Þaðan var mjólkinn send til samlags, en annars var algengast að hún væri unnin heima.

Algengt var að horninvædu brennd af kiðlingunum þ.e.a.s. sem fæddust hyrndir, en það mátti ekki í skólanum, því hann var lífrænn.

Um 40% geita fæðast kollótt. Á einum stað voru 7 sel saman, en geiturnar rötuðu alltaf í rétt sel að kvöldi, þótt þær gengu allar saman. Gaman þótti Jóhönnu að sjá aðstöðuna fyrir geiturnar, þær slæddu ekkert. Þær voru festar í ca 2 tíma á meðan þær átu, en gátu þó lagst á meðan.

Þingið sóttu á annað hundrað manns, aðallega norðmenn. Þar voru rædd mál varðandi meðferð mjólkur og mjaltakerfin og lagt upp úr því að rörin lægju niðurávið, til þess að fitumolikúl springi ekki og mjólkinn haldi ferskleika sínum.

Sjúkdómar í geitum í Noregi eru helstir garnaveiki ogormaveiki, eins og þekkjast hér, en einnig jógurbólga, strepptókokkar, lamanir, liðsýkingar o.fl.

Á þessu svæði í Noregi er mjólkinn ekki notuð til drykkjal, vegna bragðs af lingi og öðrum úthagagróðri.

Mjóhergeitur eru til í Noregi og eitthvað er um ullarvinnslu.

Í Þrándarlögum hafa bændur sitt eigið samlag fyrir kjöt og mjólk. Kiðunum er fargað ungum, eða í 4-7 kg kjötpunga, en víða er slátrun og sala stunduð heima, líkt og vinnsla mjólkurafurða. Stökurnar eru notaðar líka og gerðar t.d. töskur, húfur, bangsar o.fl.

Geiturnar bera yfirleitt í janúar og virðist þeim vera það eðlilegt.

Það þekkest á ferðamannasvæðum að geitur séu fengnar annarsstaðar að í því skini að beita hæfilega, svo að ekki sökkvi allt í gróðri.

Jóhanna hafði meðferðis sýnishorn af ostaformum, sútaðar stökur, ýmislegt unnið úr þeim, bæklinga, myndir sem sýna mikla litaflóru, kamba og brúnan rjómaost, sem fundarfólki gafst kostur á að smakka.

Hægt er að samnýta mjaltakerfi fyrir kúr og geitur, með því að stilla sogið þannig að henti fyrir bæði.

Framleiðsla úr geitamjólkinni er margvísleg t.d. súrmjólk, jógúrt, búðingar og karamellur, en hefðin er ,est fyrir hvítostinum og er hann borðaður nánast með öllum mat.

Þá er algengt að geitakjöt sé notað í pylsur.

Lífskjör geitabænda voru nokkuð góð af 50 – 90 geitum, og vegur byggðastuðningur þar mikið, en hann er talsverður í Noregi. Kvóti er á framleiðslunni. Kraftur er í ungum bændum í greininni og skýrsluhald er stundað varðandi afurðir einstaklinga og ræktun. Geitur eru geldar í fáeinar vikur upp í 3 mánuði.

Fram kom að Framleiðnisjóður styrkti Jóhönnu til fararinnar. Hann og einnig nýsköpunarsjóður eru jákvæðir fyrir að styrkja hana til mjólkurframleiðalu, einkum ef um heimavinnslu yrði að ræða.

Að lokum talaði Jóhanna um hve vel hafi verið tekið á móti henni í noregi í alla staði.

Ólafur þakkaði Jóhönnu fyrir fróðlegt erindi. Hann skaut því einnig að, að riðuveiki sé útbreiddari í Noregi en hér, en hafi þó ekki fundist í geit.

Næsta mál fundarins voru kosningar og var komið að því að kjósa um gjaldkera. Jóhanna B Þorvaldsdóttir var endurkjörin, en aðrir í stjórn eru: Hinrik Ó Guðmundsson formaður, Stefanía Sigurðardóttir ritari, Tómas Guðjónsson og Ásdís Sveinbjörnsdóttir varamenn og Ásdís Ársælsdóttir og Gísli Þórðarson, skoðunarmenn reikninga.

Nú gerði Ólafur lítillaga grein fyrir skýrsluhaldi í geitfjárræktinni. Hann sagði að skil á skýrslum væru aðeins um 65% sem er alltof lítið, en samkvæmt forðagæsluskýrslum væru geitur 379 á landinu árið 1999. Árið áður voru þær 425 og er því um fækkun að ræða, sem aðallega kemur fram vegna fækkunar á Geldingaá í Borgarfirði. Eigendur geita eru 47 sem er svipað og undanfarið. Stofnverndarframlag er væntanlegt á næstunni, til þeirra sem skilað hafa skýrslum.

Sigurður Sigurðarson dýralæknir talaði um að nú væri ákveðin tilraun í gangi á Háafelli, til að vernda kollótt og golsótt. Sá galli væri reyndar á að garnaveiki er til staðar þar. Hann hefur sprautð kiðin þar mánaðar gömul og síðan aftur í haust, ásamt lömbum. Geitur eru hafðar aðskildar á húsi frá suðfé, en erfiðara er að ráða við slíkt á sumrin úti. Reynt verður að ráða niðurlögum garnaveiki þar í framtíðinni.

Sigurður vill að kannað verði innihald geitamjólkur, m.a. betakasein a1, sem getur valdið sykursýki. Athuga mætti hvort Fæðudeild Iðntæknistofnunar MATRA gæti ransakað mjólkina.

Alls hafa 750.000 kr sníkst út í styrki til tilraunarinnar, sem áður var getið. Þá vantar enn 50.000 kr. en Guðni Ágústsson hefur lofað að hjálpa til með það sem uppá vantar.

Samþykkt var að gera Sigurð Sigurðars. að ævifélaga (heiðursfélaga) í félaginu, þar sem hann á heiðurinn að bjarga kollóttu geitunum á Íslandi frá glötun.

Sigurður þakkaði fyrir falleg orð í sinn garð.

Ólafur sagðist sem óbreyttur félagi, vilja þakka stjórninni fyrir gott samstarf, stjórninkæmi vel fram fyrir hönd félagsins. Hann fjallaði einni um að ekki væri hægt að treysta opinberum aðilum fyrir varðveislu erfðaefnis búfjár. Áhugamannasamtök væru betur til þess fallin.

Fundi slitið.

Þeir sem sátu fundinn voru:

Stefanía Sigurðardóttir Vorsabæ II Skeiðum
Jóhanna B Þorvaldsdóttir Háafelli 320 Reykholt
Ólafur R Dýrmundsson Bændasamt. Íslands
Hinrik Ó Guðmundsson Bóli Bisk.
Sigurveig Buch Sæviðarsundi 21 104 R
Berglind Ágústsdóttir Húsdýragarðinum
Margrét Dögg Haldórsdóttir Húsdýragarðinum
Ásdís Ársælsdóttir Stóra-Hálsi Árn.
Sigurður Sigurðarson

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands haldinn í Bændahöllinni 2. nóv. 2001.

Hinrik Ó Guðmundsson setti fundinn og skipaði Ólaf R Dýrmundsson fundarstjóra og Stefaníu Sigurðardóttur fundarritara.

Ólafur fór yfir dagskrá fundarins.

Fyrst var skýrsla stjórnar: Hinrik sagði frá starfi stjórnar félagsins á árinu, en það hafi ekki verið mikið. Engar beiðnir höfðu borist um sæðingar, né fluttning geita á milli svæða. Árið á undan voru lítilsháttar tilfelli um að flutt væri á milli, og einnig komu umsóknir um tilflutning, sem ekki fengu samþykki.

Hinrik gat þess að félagið væri 10 ára og að allir fengu veislukaffi í lpk fundarins.

Umræður voru opnar um skýrslu formanns.

Jóhanna kvaðst hafa hringt til Noregs og beðið um upplýsingar varðandi efnainnihald geitamjólkur þar og á von á að sér verði sendar skýrslur.

Umræða varð um hornahlífar, sem nota mætti á geitur, svo að þær skaði ekki hver aðra. T.d. var minnst á hnúða af gardínustöngum og gúmíslöngur.

Þessu næst las Stefanía fundargerð síðasta aðalfundar.

Þá kinnti Jóhanna B Þorvaldsdóttir reikninga félagsins:

Inneign frá fyrra ári: 51.242 kr.

að viðbættum tekju: 71.130 kr.

Gjöld: 10.538

Inneign til næsta árs: 60.592 kr.

Reikningar voru samþykktir.

(Orðið var laust)

Ólafur upplýsti að 375 geitur væru til á skýrslum haustið 2000 hjá 44 eigendum í landinu.

Sigurveig Buch spurði hversu margir væru skráðir í félagið og hversu margir stæðu í skilum með félagsgjöld. Jóhanna svaraði því að 32 væru í félaginu og að ef ekki væru greidd félagsgjöld í 3 ár, væru nöfn þeirra tekin út af félagsskrá.

Sigurður kom með fyrirspurn um hvort rétt væri að draga árgjöldin af stofnverndarstyrknum. Fékk það ekki jákvæðar undirtektir fundarmanna og taldi Ólafur að rétt myndi vera að halda því aðskildu. Rætt var um hvernig hægt væri að ná nýju fólki inn í félagið.

Kosningar: Að þessu sinni skildi kosið um formann og var Hinrik Ó Guðm. endurkjörinn. Hann þakkaði fólki fyrir traustið og þrautseigjuna með sér.

Önnur mál:

Sigurður Sigurðarson bað um orðið. Hann fór ásamt Stefáni Aðalsteinssyni á fund með Guðna Ágústsyni til að skoða fínnullarfé í Steinsholti við Egilsstaði og Hafursá, á landi Skógræktar Ríkisins. Sigurður afhenti Guðna bréf frá Hinriki, þar sem efnislega er beðið um framlag til að byggja upp á Háafelli. Í fyrsta lagi var beðið um 300.000 kr. vegna kostnaðar við framkvæmdir, sem komnar eru og til að ljúka lagfæringum á húsnæðinu, ef þar eigi að verða lífvænlegt geitabú í framtíðinni. Í öðru lagi að fá vilyrði ráðherra fyrir að setja af stað þar þróunarverkefni, í samráði við skólann á Hvanneyri. Félagið hefði þá fulltrúa, sem fylgdist með. Málið fékk góðar undirtektir hjá Guðna.

Sigurður kom inn á örðugleika við að flytja geitfénað milli bæja, vegna garnaveiki og fleiri sjúkdóma.

Sigurður og Jóhanna töluðu nokkuð um garnaveikibóluefnið og notkun þess.

Ólafur taldi sterkt að fá Hvanneyri inn í þetta verkefni á Háafelli.

Jóhanna taldi nauðsynlegt að fá fram innihald og hollustu geitamjólkurinnar, sem grundvöll fyrir frekari ransóknum.

Ólafur taldi að slíkt gæti gerst á Hvanneyri og að verkefnisstjórn sæi um að koma þessu í framkvæmd. Það væri eina leiðin til að fá rannsóknir fram á geitum. Hvatti hann til að málinu yrði fylgt eftir.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hafði samband til að vita hvað liði verkefninu á Háafelli.

Reætt var um framtíðarhorfur í greininni, starfsemina á Háafelli og hvaða vandamál kæmu hugsanlega þar upp.

Að lokum flutti Stefanía samantekt úr sögu félagsins í tilefni 10 ára afmælis þess. Þar kom m.a. fram að félagið var stofnað af áhugafólki, til að þjappa sér saman um helstu hagsmunamál geitfjáreigenda. Mátti þar nefna verndun og viðhald geitfjástofnsins og betri nýtingu afurða. Las Stefanía fundargerð stofnfundar félagsins 1991 og rifjaði upp sögu og starfsemi þess í stórum dráttum.

Að loknum fundi var drukkið veislukaffi í tilefni 10 ára afmælisins og átt saman góða stund.

Aðalfundur Geitfjárræktarfélag Íslands haldinn í Bændahöllinni 8. nóv. 2002.

Hinrik Ó Guðmundsson formaður félagsins setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Hann stakk uppá Ólafi R Dýrmundssyni sem fundarstjóra og Stefaníu Sigurðardóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

Ólafur tók við fundarstjórn og kynnti fyrsta dagskrárlið, skýrslu stjórnar.

Hinrik kvað sér hljóðs á ný. Hann sagði að stjórnin hefði ekki hist formlega á árinu, en haft samband sín á milli gegnum síma.

Hinrik fékk bréf frá Lánasjóði Landbúnaðarins, þar sem honum var boðið á fund hjá þeim og fékk einnig senda ársskýrslu Lánasjóðsins. Þá fékk Hinrik bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis, þar sem honum var send til umsagnar hjálögð tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra. Hinrik sendi til baka svar um að hann væri sáttur við þær breytingar, mikilvægt væri að vernda sérstaka eiginleika íslenskra dýra. Annað bréf fékk Hinrik frá landbúnaðarnefnd með hjálagðri tillögu til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkúrinnar og óskað eftir umsögnum tillögum. Svarbréf var á þá leið að hann væri sammála henni og teldi mikilvægt að vernda sérstaka eiginleika íslensku kúrinnar, en marga þeirra hefði nú þegar verið sýnt fram á.

Hinrik hafði meðferðis innrammaða viðurkenningu til félagsins frá átaksverkefninu Fegurri sveitir. Þá sýndi Hinrik fundarfólki flugu úr geitahári, sem veiðimaður hafði hnýtt úr hári af geit frá honum. Taldi hann þetta gott dæmi um það sem hægt væri að búa til úr því, sem kæmi af geitum.

Jóhanna hvatti fólk til að henda ekki geitastökum, alltaf væri til fólk, sem vildi vinna verðmæti úr þeim, t.d. vissi hún af 2 norskum konum í Svarvaðadal, sem hefðu áhuga á stökum og hornum að vinna úr. Einnig væri kona í Borgarfirði sem vinnur skartgripa úr geitahorni og tölur og fleira.

Ólafur kvaðst telja að ýmsir möguleikar væru til í sambandi við afurðir.

Stefanía las upp fundargerð síðasta aðalfundar.

Jóhanna talaði um að landbúnaðarráðuneytið hafi sent 200.000 kr af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar til uppbyggingar á aðstöðunni á Háafelli, þ.e.a.s. til verndunar og viðhalds kollóttra geita.

Ráðuneytið hefur sýnt málinu mikinn áhuga.

Engar undirtektir fengust hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, varðandi starfsemina á Háafelli. Ólafur lýsti þeirri skoðun sinni að Landbúnaðarháskóli ætti að taka að sér slíkar rannsóknir varðandi nýjungar. Lýsti hann yfir vonbrigðum með afstöðu ráðamanna skólans.

Talað var um efnainnihald geitamjólkur og hvort að eitthvað lægi fyrir um það á Íslandi. Jóhanna las uppúr nýlegri noskri bók varðandi efnainnihald mjólkur.

Talað var um heimavinnslu mjólkur, reglugerð þar að lútandi o.fl.

Ólafur taldi að ekki skildi leggja áramót á bát varðandi verkefnið á Háafelli.

Jóhanna kynnti reikninga félagsins.

Innistæða frá síðasta ári var:..... 60.592 kr.

að viðbættum tekjum og vöxtum:..... 88.238 kr.

Gjöld voru:..... 12.764 kr.

Inneign um áramót var:..... 75.474 kr.

Skýrsla stjórnar og reikningar félagsins voru samþykktir.

Kosningar: Kosið um ritara félagsins. Stefanía Sigurðardóttir var endurkjörin.

Önnur mál: Ólafur vildi halda áfram umræðum um afurðir.

Hinrik sagði að uppsett viðmiðunarverð á geitakjöti væri nú 430 kr á kg. Reiknast þá svipað verð fyrir 12 kg kið og 16 kg lamb.

Jóhanna og Sigurveig töldu að 600 kr kílóverð væri verð sem gæti vel gengið.

Rætt var um að markaðssetja kjötið. Ákveðið að fela stjórn að vinna í málinu fyrir næsta haust.

Ólafur fjallaði um skýrsluhaldið. Haustið 2001 voru 372 geitur hjá 44 eigendum. Það er svipuð tala og undanfarin ár. Aðeins skila tveir af hverjum þremur eigendum skýrslum. Stofnverndarstyrkur er 2.800 kr á vetrarfóðraða geit. Ólafur er í erfðanefnd búfjár. Þar hefur hann verið spurður út í hvernig stofnverndarstyrkurinn sé notaður en hann á að koma upp í fóðurkostnað. Mikill ávinningur er af skýrslunum.

Varðandi flutninga fer Sigurður Sigurðarson yfir allar umsóknir. Skýrslur verða þá að vera til.

Umsókn hefur borist erlendis frá þ.e.a.s. frá Bandaríkjunum um að fá geitur frá Íslandi. Nauðsynlegt

er þá að taka frá 3 – 4 bæjumog sem minnst skilt. Allar kröfur um skilyrði vegna sjúkdóma, vottorð og þess háttar, koma ávalt frá viðkomandi innflutningslandi. Síðan er okkar að uppfylla skilyrðin. Rætt var um mörk og merkingar.

Rætt var um litaafbrigði.

Hinrik talaði um að hann hafi verið fenginn til þess í haust að komna með 6 geitur inná afrétt, til að taka þátt í kvikmynd, sem nefnist Skjóni fer á fjall. Í myndinni voru þær láttnar hitta hross.

Nokkur umræða beindist að rafmagnsgirðingum og Jóhanna minntist á loftnet, sem tengdist við hálsól geitarinnar.

Eftir líflegar og margvíslegar umræður var fundi slitið.

Þeir sem sátu fundinn voru:

Stefanía Sigurðardóttir Vorsabæ II Skeiðum

Jóhanna B Þorvaldsdóttir Háafelli

Ólafur R Dýrmundsson Bændasamtökum Íslands

Ásdís Ársælsdóttir Stóra-Hálsi

Sigurveig Buch Sæviðarsundi 21 Rvík.

Jón Gíslason Húsdýragarðinum

Sigurður Sigurðarson Grafarholti v/Vesturlandsveg

Hinrik Ó Guðmundsson Bóli Bisk.

Aðalfundur 7. nóv. 2003 kl. 14:00 haldinn í Bændahöllinni.

Hinrik Ó Guðmundsson formaður félagsins setti fundinn. Ólafur R Dýrmundsson tók að sér fundarstjórn og Stefanía Sigurðardóttir ritun fundargerðar.

Ólafur las upp dagskrá fundarins, sem var svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Umræða um skýrslu stjórnar.
3. Kosningar, kosið um gjaldkera.
4. Rita Bach sýnir og kynnir muni, gerða úr geitahornum.
5. Önnur mál og frjálssar umræður.

1. mál:

Hinrik flutti skýrslu formanns. Hann sagði að svolítið væri spurt um leyfi til flutninga á geitum, þá aðallega ferðapjónustuaðilar. Hann vísar öllum fyrirspurnum áfram til Sigurðar Sigurðarssonar. M.a. kom fyrirspurn úr Rangárvallasýslu, en þar er ekki fánlegt leyfi. Einnig spurði Húsdýragarðurinn í R.vík um leyfi fyrir 1 hafri. 2 hafrar fóru í Hornafjörð og komu þeir úr Borgarfirði vest.

Hinrik kvaðst vera spurður um geitakjöt, og vísaði hann fólki á þá aðila, sem hann telur eigi kjöt.

Hinrik kom síðan inn á ýmis atriði varðandi gæði kjötsins og að fréttst hafi af kjöti í búðum, sem ekki leit vel út. Mikilvægt væri að ekki sé verið með kjöt af gömlum gripum, né af hafurkiðum eldri en 5 – 6 mánaða gömlum, ef úrvals vara á að teljast. Oft getur reynst erfitt að fá sláturhús til að taka geitur til slátrunar af ýmsum ástæðum.

Ólafur bætti við nokkrum orðum og sagði að stundum væri haft samband við sig, varðandi að fá geitur fluttar á milli svæða og vísaði hann ávalt áfram til Sigurðar Sigurðarsonar.

Ólafur sagði að varðandi skýrsluhaldið, þá mættu skil vera betri. Ásíðasta vetri voru til 370 geitur á fóðrum hjá 47 eigendum.

Jóhanna B Þorvaldsdóttir gerði grein fyrir reikningum félagsins:

Um síðustu áramót voru til 252.967,08 kr. í sjóði Staðan í dag er 102.516 kr.

Stefanía Sigurðardóttir las upp fundargerð síðasta aðalfundar á árinu 2002.

2. Orðið laust um skýrslu stjórnar.

Ólafur minnti á að styrkir, sem fengist hafa til uppbyggingar á Háafelli, eru allt styrkir sem ganga til viðhalds kollótta geitastofninum.

Ólafur sagði að varðandi markaðssetningu á kjöti ætti félagið að senda frá sér ábendingu um að enginn léti fara frá sér á markað, kjöt af gömlu geitfé, né af ógeltum hafurkiðum (höfrum). Einnig skyldi brýnt fyrir fólki, að koma í nýtingu hornum og stökum af geitunum. Þessi orð Ólafs voru rædd nánar og fengugóðar undirtektir.

3. mál, kosningar: Kosið um gjaldkera. Jóhanna B Þorvaldsdóttir var endurkjörin.

4. kynning á handunnum munum. Rita Bach í Grenigerði var með mjög fallega muni, fullunna, aðallega hálsfestar. Munirnir voru gerðir úr geitahornum og í suma notuð hrosshár einnig. Rita lýsti vinnuáferðum sínum í stuttu máli og sagði m.a. að best væri að vinna úr hornum af 2-3 ára höfrum. Hún hefur líka fengist við að vinna úr kindahornum og hreindýrahornum.

Jóhanna kom með þæft geitapæl og skó, sem hún hefur gert.

Ólafur fjallaði um árangur skota í geitarækt, eftir að þeir fengu geitur af íslenskum stofni. Þeir hafa nú sérstakan stofn sem er 25% blanda af íslenskum geitum. Fínleiki ullarinnar er mun betri af þeim íslensku, en þeim skosku.

Kaffihlé var gert á fundinum. Jóhanna byrjaði á að gefa öllum geitamjólk að smakka, sem hún hafði mjólkað kvöldið áður.

5. Önnur mál: Jóhanna kvaðst hafa viðað að sér miklu af fræðilegu efni um geitur og kom hún ýmsu á framfæri. Þar kom m.a. fram að í geitamjólk er A-vítamín í aðgengilegra formi fyrir meltinguna, heldur en í kúamjólk. Geitamjólk þolir frystingu, án þess að missa eiginleika sína.

Jóhanna sótti um styrk til girðingatilrauna uppá 600.000- kr. hjá Erfðanefnd landbúnaðarins. Lýsti hún girðingunni hjá sér í kringum geiturnar.

Jóhanna minntist á ýmsar plöntutegundir, sem geitur ásælast og sagði geiturnar nánast alætur. Þær ætu rósir brenninetlur o.fl. sumt væri eitrad, en þær ætu það fyrir því.

Jóhanna fjallaði um sum einkenni geita sem eru mjög frábrugðin einkennum sauðfés. Nefndi hún m.a. dindilinn, en staða hans er ekki sú sama. Hvernig geitur bíta, eða taka upp í sig hey er ólíkt, vegna þess að gómurinn er ólíkur.

Jóhanna talaði um að kollóttar geitur væru oft ófrjóar, ef þær væru arfhreinar kollóttar.

Jóhanna minntist á 2 geitur hjá sér, sem ekki báru í vor, en fóru samt að mjólka í sumar og mjólka enn.

Jóhanna hefur selt kjötið á 1.500 kr/kg. læri og hryggi, en framparta og heila skrokka á 800 – 1.00 kr/kg. Hún lætur slátra fyrir sig í stórgripaslátrun í Borgarnesi.

Fjallað var um galla, sem talið er að tengist skyldleikarækt, svo sem minni frjósemi, minkandi stærð gripa og vansköpun.

Fundi slitið uppúr kl. 16:00

Þeir sem sátu fundinn voru:

Stefanía Sigurðardóttir Vorsabæ II

Hinrik Ó Guðmundsson Bóli

Jóhanna B Þorvaldsdóttir Háafelli

Ásdís Ársælsdóttir Stóra-Hálsi

Sigurveig Buch Sæviðarsundi 21

Rita Freyja Bach Grenigerði

Unnur Sigurþórsdóttir Húsdýragarði

Sæunn Hrönn Jóhannesdóttir Húsdýragarði

Margrét Dögg Halldórsdóttir Húsdýragarði

Hanni Heiler Dynjanda

Ólafur R Dýrmundsson Jóruseli 12. R.

Aðalfundur G.F.Í. 5. nóv. 2004 haldinn í Bændahöllinni kl. 14:00.

Ólafur R. Dýrmondsson var skipaður fundarstjóri og Stefanía Sigurðardóttir fundarritari.

Fyrst var flutt skýrsla stjórnar.

Hinrik Ó Guðmundsson sagði frá 2 stjórnarfundum á árinu, en þeir voru um miðjan maí og í lok ágúst. Á fyrri fundinum var samið bréf til Yfirdýralæknisembættisins, varðandi niðurskurð geita, samhlíða sauðfé, vegna útbreiðslu riðuveiki. Einnig var yfirdýralækni sent bréf varðandi bótakröfur, vegna niðurskurðar. Þar setur félagið fram rökstuddar kröfur um upphæðir bóta fyrir geitur, sem lenda í niðurskurði.

Engin svör hafa borist félaginu, þrátt fyrir að gengið hafi verið á eftir því. Hinrik kvaðst telja það dónaskap að svara ekki bréfum og tóku fundarmenn undir það.

Einnig var Guðna Ágústssyni sent bréf, þar sem farið var þess á leit að hann beitti sér fyrir að tekin yrði til lendurskoðunar ákvörðun um að geitur skyldu skornar niður jafnt sem sauðfé á riðusvæðum. Ekkert hefur heyrst frá Guðna vegna bréfsins.

Stefanía bætti við að hún hefði átt orð við Halldór Runólfsson í síma, til að inna hann eftir svörum við efni þeirra bréfa sem honum voru send. Þar benti Halldór á að taka mætti fósturvísu úr geitum til varðveislu og skildist Stefaníu á honum að sá kostur væri mjög fýsilegur til að viðhalda geitastofninum. Halldór taldi nauðsynlegt að geitur væru teknar með á niðurskurðarsvæðum.

Stefanía sagðist ekki vita hvað ætti að gera við fósturvísana seinna meir, ef geitur væru horfnar af stórum svæðum á landinu, varla yrði þeim komið fyrir, nefa í kvendýri af sömu tegund. Hún kvaðst bíða eftir skriflegu svari frá Halldóri, þar sem þessi hugmynd um fósturvísana verði rökstudd og vonandi fleiri hugmyndir sem hægt sé að byggja á í viðræðum. Það sem félagið færi fram á séu skrifleg svör frá viðtekendum bréfanna.

Jóhanna fór yfir reikninga félagsins. Tekjur á síðasta ári voru 260.594 kr. Þar inni í er upphæð frá landbúnaðarráðuneyti vegna kollótta geitastofnsins. Gjöld voru 70.147 kr. Inneign um síðustu áramót 190.447 kr.

Ritari las fundargerð síðasta aðalfundar.

Skýrsla stjórnar var borin undir atkvæði og samþykkt.

Næsta mál fundarins var kosning og skyldi kosið um formann. Hinrik Ó Guðmundsson var endurkjörinn.

Komið að dagskrárliðnum önnur mál og frjálssar umræður.

Fjallað var um leiðir til að nýta mjólk úr geitum, en þar er Jóhanna á Háafelli að vinna brautryðjendastarf, rf framleiðsla og sala fæst viðurkennd til fulls.

Ólafur kvaðst nýlega hafa verið á Ítalíu og þar voru geitaostar auglýstir sérstaklega sem ostar úr ógerilsneyddri mjólk. Sagðist hann telja að mjólkurafurðir úr ógerilsneyddri mjólk væru eftirsóttar og voru víða framleiddir undir viðurkenndu eftirliti.

Ólafur tilkynnti að Már Pétursson lögfræðingur bændasamtakanna væri væntanlegur á fundinn og síðar Sigurður Sigurðarson dýralæknir. Már var nú mættur á fundinn og vr hann beðinn um að segja álit sitt á kröfum félagsins, varðandi bætur vegna niðurskurðar. Már var sammála þeim rökum, sem fram koma í bréfinu til Halldórs um bótakröfur að upphæð 20.000 kr. á geit. Bætur sem greiddar eru vegna suðfjár eru 8.762 kr á kind. Rædd voru efni bréfsins og ólíkar forsendur bóta, fyrir sauðfé og geitfé.

Már var spurður um lagalegar heimildir fyrir varnaraðgerðum gegn búfjársjúkdómum og svaraði hann með því að lesa upp úr reglugerð þess efnis.

Már var spurður um hverjar væru skyldur opinberra stofnana að svara bréfum frá lögforlegum félögum. Hann svaraði því til að álitamál væri hvað teldist langur tími í þeim efnum, en taldi það þó kost að ekki hafi neikvætt svar borist.

Sigurður Sigurðarson kom nú á fundinn og var hann spurður út í hegðun riðuveiki hérlendis og erlendis. Hann talaði um að riðan í sauðfé og nautgripum væri ekki af sama stofni. Árið 2002 hafi greinst kúariða í geit í Frakklandi, en þó var niðurstaðan ekki talin örugg. Riða í sauðfé hefur fundist víða erlendis og nefndi hann nokkur dæmi. Talið er að geitur taki sömu riðu og suðfé almennt.

Talað var um á fundinum hvort hægt væri að kanna geitastofninn hérlendis með tilliti til arfgerða, sem hafa mismunandi næmi fyrir riðu. Talað var um að kanna skyldleika við aðra stofna erlendis. Ólafur benti á að stofninn hér væri mjög skyldleikaræktaður. Náttúruval hafi átt sér stað og stofninn þess vegna lausari við galla og jafnvelsjúkdóma. Talið er að þetta náttúruval hafi hjálpað stofninum að lifa af skyldleikaræktina og þannig væri þessi stofn mjög sérstakur.

Sigurður var spurður hvort að tekin væru sýni úr geitum í sláturhúsi á sama hátt og úr sauðfé. Sagði Sigurður að sömu reglur ættu að gilda í þeim efnum.

Hann var spurður hvort hægt væri að gera rannsóknir á geitum varðandi hugsanlegasjúkdóma. Hann sagði að geitur tækju sömu sjúkdóma og suðfé og taldi því litla þörf á því. Hann upplýsti þó aðspurður að tannlos hafi aldrei greinst í geit hérlendis né riðuveiki.

Ólafur talaði um að á þessu ári stefndi í að skornar yrðu niður rúmlega 30 geitur en það væru 10% stofnsins.

Sigurður tók undir að fækkun í geitastofninum væri áhyggjuefni og senda þyrfti Erfðanefnd Búfjár beiðni um að taka málið fyrir.

Jóhanna sagði frá því að búið væri að koma beiðni til Erfðanefndar búfjár um aukinn styrk vegna kollóttu geitanna og varðandi úrvinnslu og sölu á mjólk. Jóhanna hefur kynnt sér rannsóknir á geitamjólk erlendis og þar kemur fram að mjólkin hefur meira hollustugildi en kúamjólk. Hún er bakteríudrepani og hefur því lækningargildi. Jóhanna á töluvert stóran geitastofn oger að vinna að tilraunum til að nýta geitamjólkina, ein og áður hefur komið fram. Hún talaði um að mjög erfitt væri að koma sér upp girðingum, sem halda geitum eins og þeir vita sem til þekkja.

Ólafur hvatti til að öllum ráðum væri beitt til að nýta geitastofninn og afurðir af honum. Það væri virkasta leiðin til að viðhalda stofnnum, ekki að hann sé jafnvel eingöngu til í sæðisbönkum.

Að lokum var Sigurður beðinn um að beita sér fyrir því við Halldór Runólfsson að hann svari bréfum frá félaginu.

Fundi slitið.

Stefanía Sigurðardóttir

Þeir sem sátu fundinn voru:

Ásdís Ársælsdóttir Stóra-Hálsi

Margrét Dögg Halldórsdóttir Húsdýragarði

Jón Gíslason Húsdýragarði

Þórður Jóhannes Halldórsson Litla-Fljóti

Sigurveig Buch Sæviðarsundi 21

Jóhanna B Þorvaldsdóttir Háafelli

Hinrik Ó Guðmundsson Bóli

Stefanía Sigurðardóttir Vorsabæ II

Ólafur R Dýrmundsson Jóruseli 12. R.

Már Pétursson Bændas.Ísl.

Sigurður Sigurðarson Keldum

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands.

Haldinn í Bændahöllinni 4. nóv kl 14:00 2005

Hinrik Ó. Guðmundsson setti fundinn. Ólafur R. Dýrmundsson tók að sér fundarstjórn og Stefanía Sigurðardóttir ritun fundargerðar.

1. mál: Skýrsla stjórnar.

Hinrik kvað sér hljóðs. Stjórn félagsins fundaði einu sinni á árinu. Það var á Selfossi í vor. Ekkert svar hefur borist félaginu við bréfi þess, sem sent var Yfirdýralæknisembættinu fyrir einu og hálfu ári síðan, þar sem fram koma kröfur um bætur vegna geita, sem felldar eru vegna riðuniðurskurðar. Fimm nýir aðilar hafa bæst við í félagið.

Stefanía las fundargerð síðasta aðalfundar, en hann var haldinn í Bændahöllinni 5. nóv. 2004.

Jóhanna fór yfir reikninga félagsins.

Staðan frá fyrra ári var..... 190.447

að viðbættum tekjum alls..... 206.522

Gjöld..... 63.807

Staðan í bankabók..... 142.715

Skýrsla stjórnar var borin undir fundinn og samþykkt.

Kosningar: Að þessu sinni skyldi kosið um ritara og var Stefanía endurkjörin.

Næst var rædd ný reglugerð um merkingu búfjár og þá geita. Ólafur greindi frá því að stjórn félagsins hafi tekið málið fyrir og kynnt sér. Útbýtti hann á fundinum reglugerðinni, sem staðfest er af landbúnaðarráðherra 2. mars 2005. Ólafur sagði mikla umræðu í gangi nú vegna merkinga á sauðfénu.

Engin umræða er um merkingu geita nema innan félagsins.

Gert er ráð fyrir ákveðnum viðurkenndum merkjum, sem þykja henta fyrir sauðfé. Ekki virðist gert ráð fyrir hvort þau henti í geitfé.

Hinrik talaði um reynslu sína varðandi geiturnar, að þær næðu merkjaplötum úr eyrunum á einhvern hátt. Hann vildi láta kanna möguleika á að tattóvering gæti hentað betur. Hann kvaðst vera gamall kanínubóndi og höfðu kanínurnar verið merktar með tattó í eyru. Hinrik hafði meðferðis tóng og áhöld sem notuð voru fyrir kanínur og gafst fundarfólki kostur á að skoða þau. Kunnugt er um að kettir og önnur gæludýr séu merktir á svipaðan máta. Fleiri tóku undir reynslu sína varðandi að merkjaplötur vildu tynast fljótt úr geitum og einnig kom fram að geiturnar, einkum kiðlingar fíktuðu oft við að naga merkin hver hjá annari.

Ólafur benti á að ef félagið teldi að endurskoðun væri þörf á reglugerðinni um merkinga búfjár, þyrfti að taka það fyrir snarlega

Fjallað var um möguleika á tattómerkingum líkt og þekkist í gæludýrum og örmerkjingum eins og þekkist t.d. í hrossum. Þá velti fólk fyrir sér kostnaði við þessa tvo möguleika. Ólafur var með mörg mismunandi sýnishorn af plötumerkjum og fundarfólk skoðaði þau og velti þeim fyrir sér. Talað var um þau útboð sem átt hafa sér stað vegna vals á merkjum. Fram kom að styrkleikaprófanir hafa verið gerðar á mismunandi tegundumtóðst þær kröfur sem gerðar voru um styrkleika.

sagðist telja að tilgangurinn með því að prófa styrkleika merkjanna hliti að vera sá, að velja þá tegund sem síst losnaði úr eyrum gripanna. Hins vegar kvaðst hún vera þess viss að fyrr rifnaði eyrað í sundur en merkið, ef svo mikið átak væri notað eins og í styrkleikaprófuninni. Sagði hún að þetta leiddi hugann að því, hvort væri skárra af tvennu illu að merkið gæfi sig eða eyrað. Glatað merki væri glatað.

Sigurður Sigurðarson dýralæknir var á fundinum og spurði Stefanía hann um álit hans á þessu.

Sigurður tók undir það að tilgangur merkinga væri sá að merkið héldist í gripnum.

Á fundinum kom fram hugmynd hvort álmerki gætu hentað, þau væru ef til vill léttari og yrðu síður fyrir nagi. Álið er ekki talið góður kostur vegna þess að of fáir litir eru fáanlegir í því.

Ákveðið var að stjórn félagsins tæki að sér að hafa samband við yfirdýralækni og að fara fram á fund með honum varðandi merkingar á geitum. Þá gæfist möguleiki að ræða þá kosti sem til greina koma á merkjum sem henta í geitur og fengjust viðurkennd.

Gert var kaffihlé.

Eftir það fjallaði Jóhanna um ostagerð úr geitamjólk og nýtingu mjólkurinnar. Hún sagði að yfir stæði tveggja ára tilraun með ost úr geitamjólk. Hún hefur verið að mjólka 34 geitur og hefur hluti af mjólkinni verið send til mjólkurbúsins í Búðardal til vinnslu á fetaostum. Megnið af mjólkinni er óunnin. en til stendur að osturinn komi á markað fyrir jól.

Jóhanna hefur einnig selt mjólkina beint til neyslu fyrir veik börn og hafa viðbrögð barnanna verið góð. M.a. er 1 barn sem hefur fengið mjólk reglulega inn á Landspítalann í samráði við lækni þar. Jóhanna fór yfir meðhöndlun sína á mjólkinni, en hún er kæld og fryst ógerilsneydd straks eftir mjaltir. Jóhanna útbýtti gögnum sem sýna niðurstöður úr sýnatökum úr hennar geitum. Þar kemur fram efnainnihald og frumutal.

Jóhanna fjallaði um að geitamjólkinn væri talin bakteríudrepandi og gæti hentað í framleiðslu á tannkremi og jafnvel á rotvarnarefnum. Þá minntist hún á að algengt væri að geitur sem fengju júgurbólgu, læknuðust sjálfar á milli ára.

Jóhanna er þátttakandi í verkefni sem nefnist „Sala beint frá bónda“

Þá kom fram í máli hennar að hún fær stuðning næstu 2 ár frá landbúnaðarráðuneyti, vegna viðhaldskollótta geitastofnsins.

Jóhanna var spurð hvort hún hafi prófað að vinna sjálf osta úr mjólkinni og kvaðst hún hafa prófað að búa til smurosta.

Bragi Línal prófessor lét taka próteinsýni úr 130 geitum á landinu sem verið er að vinna úr. Þar er reiknað með að hægt verði að sjá skyldleika við víkingageitina.

Frumutal í geitamjólk er mun hæra en almennt í kúamjólk og er það talið eðlilegt. Gæðamjólk í Noregi er borguð fullu verði allt að 2.000.000. í frumutali.

Geitakjöt barst í tal og hollusta þess samkvæmt erlendum athugunum.

Að lokum var talað um girðingar sem halda geitum.

Fundi slitið.

Þeir sem sátu fundinn voru:

Ólafur R. Dýrmondsson..... Bændasamt. Ísl
Jón Gíslason..... Húsdýragarðinum
Margrét Dögg Halldórsdóttir... Húsdýragarðinum
Sigurveig Buch..... Reykjavík
Hólmfríður R. Árnadóttir..... Reykjavík
Hinrik Ó. Guðmundsson..... Bóli
Ásdís Ársælsdóttir..... Stóra-Hálsi
Jóhanna B. Þorvaldsdóttir..... Háafelli
Stefanía Sigurðardóttir..... Vorsabæ II
Sigurður Sigurðarson..... Keldum

Ritari: Stefanía Sigurðardóttir.

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands haldinn í Bændahöllinni 30. nóv. 2006 kl. 13:30.

Hinrik Ó Guðmundsson formaður félagsins setti fundinn og skipaði Ólaf R. Dýrmundsson fundarstjóra og Stefaníu Sigurðardóttur fundarrita.

Á dagskrá fundarins var skýrsla stjórnar. Hinrik fjallaði í stuttu máli um störf stjórnar. Sagði hann að á síðasta aðalfundi hefi stjórn félgsins verið falið að tala við yfirdýralækni vegna merkinga á geitfé. Fékk stjórnin sinn fyrsta fund með honum í nóvember síðastliðnum. Ekki tókst að fá niðurstöðu í það mál, en Halldór vildi koma á öðrum fundi í desember. Varð ekkert af því, þar sem að ekki náðist í hann og engin svör fengist frá honum. Finst Hinriki það skrytið og ekki auðvelt að eiga að merkja samkvæmt þeim reglum sem settar eru af þeim aðilum sem ekki fást svör hjá. Að öðru leyti hvað Hinrik að stjórn hafi ekki hist sem slík, en hafi haft samband símleiðis. Næst las Stefanía fundargerð síðasta aðalfundar.

Að því lok fjallaði hún um samskipti félagsins við Yfirdýralækni varðandi riðumál og merkingar. Las Stefanía úr bréfum sem félagið hefur sent Halldóri, en svör hefðu engin borist við þeim. Í bréfi sem sent var Halldóri eftir fund með honum í nóvember 2005 kemur fram beiðni um að hann finni tíma fyrir annan fund, svo að hægt verði að ganga frá reglum um merkingu geita, sem báðir aðilar geta sætt sig við. Í bréfinu koma fram upplýsingar um þær tillögur og kröfur, sem Gefjárræktarfélagið gerir um gerð og útlit merkja. Ekki bárust svör varðandi efni bréfsins, en hinsvegar fréttist af önnum Halldórs og einnig veikindum og varð ekkert af frekari fundarhöldum né bréfaskrifum.

Fram kom vilji hjá fundarfólki um að stjórn félagsins skyldi beita sér fyrir því að nýju að koma á viðræðum við yfirdýralæknisembættið um merkingar á geitfé.

Jóhanna B Þorvaldsdóttir gjaldkeri félagsins fór yfir reikninga, en þeir voru eftirfarandi:

Inneign frá fyrra ári..... 142.715

Að viðbættum tekjum og vöxtum..... 191.107

Gjöld..... 8.419

Inneign á bankabók..... 182.688

Kosningar: Kosið var um gjaldkera félagsins og var Jóhanna endurkjörin. eig kosið um skoðunarmenn reikninga og var Ásdís Ársælsdóttir endurkjörin.

Kaffiveitingar.

Önnur mál: Ólafur tók til máls. Sagði hann að áhugi væri fyrir því hjá Bændasamtökum Íslands að gefa út veggspjald með geitalitum. Félagið aðoði, allir litir komi fram á myndunum, bæði kynin, mismunandi aldur, svo og bæði hyrnt og kollótt. Finna þyrfti til myndir. Bændasamtökin sæu um ábyrgð og framkvæmd.

Ólafur sagði frá ferð sem hann fór nýlega til Torino á Ítalíu, ásamt Jóhönnu á Háafelli og Þóru Sif Kópsdóttur. Þau fóru á matvælasýninguna Terramadre, eða á Íslensku: „Móðir jörð“ vegum Slow food samtakanna. Hann fékk bréf þar sem honum var boðið að mæta , en pláss var fyrir 2. Þau fóru svo 3 saman og mynduðu þriggja manna lið, sem kynnti íslensku geitina, en hún komst á lista hjá Slow Food árið 2005 fyrst búfjártegunda á Íslandi til að fá þessa viðurkenningu.

Á sýningunni var margt í boði að smakka. Í tengslum við sýninguna var ráðstefna, Salon del sto. Þar flutti Ólafur erindi og útbýtti bæklingi og fékk til þess 10 mínútur í plássi, sem var ætlað fyrir sjaldgæft búfé.

Þau kynntust mörgu fólki og upplifðu margt fróðlegt. Gistu á hóteli í 2 tíma fjarlægð uppi í fjöllum, innan um fólk frá ýmsum þjóðlöndum, en borðaður var saman kvöldverður á hótelinu. Hann sagðist hafa fundið að það sé fullt af fólki að fást við sömu vandamál í sambandi við fágæta búfjástofna. Þetta er eina faglega ráðstefnan, sem hann hefur komið á, þar sem kynjahlutfall er svipað. Fólk var á öllum aldri.

Jóhanna fjallaði einnig um ferðina. Sagði hún að þarna hafi verið gott að kynnast fólki, sem er að gera það sama. Fólk furðaði sig á því hvað væri að íslendingum að nýta ekki mjólkina út geitunum. Síðan fjallaði Jóhanna um nýtinguna hjá sér á mjólkinni og sagði að aðeins lítið magn af ostum væri gert í Búðardal, eða úr 1.800 l. Beðið væri eftir að sjá til með framhald á því.

Sýni sem Bragi Líndal hefur látið taka væru í efnagreiningu.

Jóhanna talaði um girðingar og sagði m.a. að 50 m. lögn rafnet hefðu fengist í Vélaborg, en lengi vel hefði vantað að fá nóg.

Hún velti upp hugmynd um að félagið kæmi upp heimasíðu og sagðist hafa fundið mann til þess, sem myndi ekki vera dýr.

Þá fjallaði Jóhanna um einstaka eiginleika geitamjólkurinnar m.a. að hún væri beinlínis talin bakteríudrepandi.

Umræður urðu um geitastofninn í landinu og erfið tilfelli þar sem fækkun hefur orðið. Þar var minnst á bæinn Ljótstaði, þar sem eigandinn missti aðstöðu. Hafði hann áður um 50 geitur, en varð að setja helmingi fjöldans í sláturhús. Eftir það leigði hann af nágrönnum pláss undir nokkrar geitur í vetur. Fram kom að félagið þyrfti að vera sýnilegra og aðstoða einstaklinga þegar svona kæmi uppá.

Jóhanna fjallaði um sæðingar sem áttu sér stað í Fjallalækjarseli í Þistilfirði nýlega. Tekið var sæði úr höfrum á Háafelli, en þar höfðu þá 6 hafrar verið í einangrun í mánuð. Einn þeirra var með ónothæft sæði og honum slátrað. Kalt var í veðri þegar Þorsteinn Ólafsson dýralæknir kom að taka sæðið, en það fór straks í flug til Akureyrar og var sótt þangað. Sæðingamaður úr sveitinni tók að sér sæðinguna. Þarna er talið hreinasta svæðið á landinu með tilliti til sauðfjásjúkdóma.

Fjallað var um sölu á geitakjöti og sagðist Jóhanna selja læri á 2.000 kr/kg, hrygg á 1.800 kr/kg og grillkjöt á 1.500 kr/kg. Nýbúar frá öðrum löndum vildu líka kjöt af fullorðnu geitfé og væri Bjarni Óskarsson sem rekur Nings og Sælkerabúðina að leita fyrir fólk.

Sigurður Sigurðarsson dýralæknir sagðist vilja leggja áherslu á að halda geitfé og sauðfé aðskildu á húsi og einnig í högum. Hann talaði um erfiðleika við að fá fjármgn í sýnatöku vegna sjúkdómsgreininga.

Fundi slitið.

Þeir sem sátu fundinn voru:

Stefanía Sigurðardóttir Vorsabæ 2

Ásdís Ársælsdóttir Stóra-Hálsi

Hinrik Ó Guðmundsson Bóli

Jóhanna B Þorvaldsdóttir Háafelli

Sigurveig Buch Sæviðarsundi 21

Jóhanna Sv. Biraustó (f.h. ásdísar Ljótstöðum) Hafnarfjörður

Eva Ulrike Schmidhuber Húsdýragarðurinn

Hallveig Guðmundsdóttir Húsdýragarðurinn

Ólafur R Dýrmundsson Bændasamtök Íslands

Sigurður Sigurðarson Grafarholt/Selfoss

Ritari: Stefanía Sigurðardóttir

Aðalfundur Geitfjárræktarfélag Íslands 26. október 2007 Bændahöllinni kl 14:00.

Formaður setti fundinn og skipaði Ólaf R Dýrmundsson fundarstjóra og Stefaníu Sigurðardóttur fundarritara.

Ólafur tók við fundarstjórn og bað Hinrik um að flytja skýrslu formanns.

Í máli Hinriks kom fram að stjórnin hefur talað saman í gegnum síma, en ekki keyrt landshluta á milli til að hittast. Ekki hafi nein sérstök mál verið uppi á borði stjórnarinnar á árinu.

Því næst las Stefanía fundargerð síðastaðalfundar.

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir flutti skýrslu gjaldkera.

Tekjur..... 182.688 kr

að viðbættum árgjöldum f.f. ári og vextir..... 195.975 kr

Gjöld..... 24.688 kr

Inneign í Sparisjóði Mýrarsýslu..... 171.287 kr.

Gengið var til kosninga og að þessu sinni var komið að kosningu formanns í stjórn. Hinrik Ó Guðmundsson gaf kost á sér til endurkjör og var hann endurkjörinn einróma.

Á fundinn var mættur Tjörvi Bjarnason starfsmaður Bændasamtakanna. Hann fjallaði um undirbúning að gerð veggspjalds með litaafbrigðum íslensku geitarinnar. Reiknað er með söfnun 24 mynda sem prýða eiga veggspjaldið. Fjallað var um að leita að myndum og þá hvar eða hjá hverjum þær væri að finna.

Ólafur tók til máls og fjallaði um afurðir af geitum og einnig fjallaði hann um sæðingar. Þá fjallaði Ólafur um nýja reglugerð um garnaveiki og útbýtti eintökum af reglugerðinni á fundinum.

Ólafur sagði frá því að manneskja í Bandaríkjunum vildi fá geitur og þá kiðlinga frá Íslandi. Hún hefur ýmid sjaldgjæf búfjárkyn hjá sér. Leyfi eru í vinnslu hjá yfirdýralækni.

Jóhanna tók til máls og fjallaði um útkomu sæðinga, þar sem 13 geitur voru sæddar í Fjallalækjarseli. Sæði var tekið úr 5 höfrum á Háafelli. Aðeins 1 geit hélt, en það var með yngsta hafrinum og hann er kollóttur golsóttur. Geitin átti hafur og huðnu. Ekki er vitað um orsakir fyrir lélegu fanghlutfalli, en þó gæti kulda verið um að kenna.

Þá talaði Jóhanna um að sig langaði til að koma heimasíðu og að fá til þess aðila sem starfar hjá Bændasamtökunum. Jóhanna ætlar að beita sér fyrir því.

Sigurður Sigurðarson dýralæknir leit inn á fundinn. Hann hvaðst vilja fá upplýsingar hjá hverjum eiganda um forsögu geitanna. Nefndi hannþar nokkur atriði svo sem hvort að þær væru í húsi eða högum með sauðfé, um númer, uppruna og um heilsufar sem hann vildi leggja sérstaka áherslu á. Ætla Sigurður að útbúa eyðublað. Beiðnir bærust um kaup á geitum og þá þyrftu upplýsingar að liggja fyrir.

Jóhanna tók til máls á ný og fjallaði um afurðamál. Hún sagði að lögleg heimaslaturhús þyrftu að komast á fót, sambærileg við það sem gerist erlendis. Það væri gott fyrir ferðamenskuna, ímyndina og annað. Þá sagði Jóhanna að kjöt af geitum frá sér sem hún hefur fengið úr sláturhúsi væri oft allt út í hárum.

Jóhanna talaði um heimavinnslu á mjólk, hægt væri t.d. að vera með mismunandi bragðtegundir.

Eiginleikar væru allt aðrir en í kúamjólkinni og nefndi þar barteríudrepani eiginleika.

Birna sem hefur verið að vinna að könnun á skyldleikarækt í stofninum hefur haft samband. Hún hefur samstarf við Erfðanefnd búfjár.

Bragi líndal hefur unnið að sýnatöku á mjólk úr geitum, en niðurstöðurnar eru ekki tilbúnar.

Ólafur fjallaði nánar um nýju reglugerðina um garnaveiki og telur hana mun skilvirkari. Sagði hann geitur vera mjög viðkvæmar fyrir garnaveiki og vildi brýna fyrir fólki að hafa það í huga.

Þá fjallaði Ólafur um varnargirðingar og sagði að hjá Landbúnaðarstofnun væri umræða um að a fella niður einhverjar þeirra. Verið sé að skoða það.

Jóhanna skýrði frá samtökum sem nefnast „Slow Food“ en þessi samtök vinna m.a. gegn skyndibitum og þau vilja stuðla að heimavinnslu afurða. Samtökin hafa sent landbúnaðarráðherra bréf þar sem þau heita því að með þekkingu inni og reynslu munu þau veita Jóhönnu stuðning til framleiðslu á hrámjólkurostum.

Umræður urðu um starfsemi Jóhönnu og stuðning við starfsemina, hvernig sá stuðningur þyrfti að vera og að þá væri hugsað til lengri tíma.

Fundi slitið

Ritari: Stefanía Sigurðardóttir

Mættir voru:

Ólafur R. Dýrmondsson Bændasamtök Íslands

Hinrik Óskar Guðmundsson Bóli Bisk.

Guðni Indriðason Laufbrekku Kjal.

Gunnar Júlíus Helgason Vogagerði 17 190 vogar

Sigurveig Buch Sæviðarsundi 21 104 RVK

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir Háafelli 320 Reykholt

Stefanía Sigurðardóttir Vorsabæ 2 Skeiðum

Sigurður Sigurðarson Landbúnaðarstofnun

Tjörvi Bjarnason Bændasamtökunum

Aðalfundur Geitfjárræktarfélag Íslands 10. nóvember 2008 Bændahöllinni kl. 14:00.

Formaður félagsins Hinrik Ó. Guðmundsson setti fundinn og skipaði Ólaf R. Dýrmundsson fundarstjóra og Stefaníu Sigurðardóttur fundarritara.

Stafanía las fundargerð síðasta aðalfundar.

Hinrik flutti skýrslu formanns. Hann var hógvær í tali og kvað lítið hafa gerst í verkum stjórnar á árinu. Talað hafi verið saman í síma innan stjórnarinnar og við ýmsa aðra um málefni geitfjárræktarinnar, en ekki haldnir formlegir stjórnarfundir.

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir flutti skýrslu gjaldkera. Littlar breytingar hafa komið fram frá fyrra ári, nema hvað ekki höfðu verið rukkuð inn félagsgjöld í 2 ár, en þær upphæðir væru komnar inn nú.

Tekjur frá fyrra ári..... 171.287 kr.

vextir..... 13.058 kr.

Samtals tekjur..... 184.345 kr.

Gjöld..... 11.705 kr.

Inneign um áramót 2007/08..... 172.640 kr.

Jóhanna fjallaði um geitastofninn í Fjallalækjarseli og sagði að þar hafi komið fram hafurkið úr sæðingunum haustið 2006. Hafur sá hefur verið notaður mikið á bænum haustið eftir og komið all nokkur kið undan honum.

Sigurður Sigurðarson sagði að meira mætti gera af því að sæða. Nokkrak umræður urðu um sæðingar og fyrirkomulag á þeim. Voru menn á því að taka sæði úr höfrum heima á bæjum, en ekki að vera með hafur á sæðingarstöð.

Á dagskrá fundarins voru kosningar, þar sem kjósa skyldi um ritara félagsins. Stefanía

Sigurðardóttir gaf kost á sér til endurkjörs of var hún endurkjörin.

Rætt var um varamann í stjórn, en hann var Tómas Guðjónsson sem fulltrúi frá Húsdýragarðinum í Laugardal. Ákveðið var að Hallveig Guðmundsdóttir starfsmaður garðsins tæki stöðu hans sem varamaður í stjórn.

Önnur mál:

Jóhanna var með myndir af geitum sem voru látnar rúlla á skjá fyrir fundarfólk. Margar af þeim koma til greina á væntanlegt veggspjald með litum íslensku geitarinnar.

Ólafur talaði um mgang mála við vinnu litarveggspjalda íslenska búfjárins, en þar væri m.a. í vinnslu veggspjald fyrir hænsni, líkt og fyrir geiturnar.

Hinrik talaði til Sigurðar og þakkaði honum vel unnin störf þar sem hann væri nú að hætta.

Hinrik talaði áfram og kvað sér óa við fluttningi fjár á milli landshluta í sláturhús. Oft væri mikið lagt á búféð á langri leið og hafi bílar jafnvel farið útaf veginum.

Þá talaði Hinrik um að oft væri því ábótavant að lesið væri af örmerktum hrossum sem flutt væru til slátrunar og að jafnvel væru örmerkingarlestæki ekki til í sláturhúsi. Kvaðst hann vita dæmi þess.

Sigurður sagði að þessu þyrfti að fylgja eftir. Í framhaldi af þessu urðu umræður um dæmi þess að vandlesið væri af merkingum á sauðfé í sláturhúsum og mætti því ætla að svo væri einnig með geitur. Ólíðandi væri að gerðar væru kröfur til eigenda búfjár um merkingar og skýrsluhald, ef ekki væri fylgt grannt með merkingum í sláturhúsum. Vildi fundurinn álykta um að engin vandkvæði mættu vera á þessum málum.

Sigurður útbýtti „sauðburðarkveri“ til þeirra sem ekki áttu það fyrir. Þar er fjallað um heilbrigði og sjúkdóma á sauðburði og getur margt átt við um geitur.

Sigurður ætlar að senda eyðublað til geitfjáreigenda varðandi upplýsingar um kvilla og þess háttar. Lítið kver muni fylgja um þekkta sjúkdóma.

Ólafur talaði um mikilvægi þess að skila almennum skýrslum um geiturnar. Eigendur af geitum væru 43 á forðagæsluskýrslum.

Fjallað var um verð á lífdýrum og hvort að félagið ætti að setja upp nokkurskonar viðmiðunarverð. Var fólk sammála um að það ætti að vera aðeins ofar en verð á sauðfé eða um 10-15-20 þúsund kr. eftir kyni og aldri.

Fram kom að nýr eigandi hefur bæst við í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu sem fékk geitur frá Fjallalækjarseli í Þistilfirði.

Tjörvi Bjarnason starfsmaður Bændasamtakanna mætti á fundinn og fjallaði um gerð litaveggspjalds íslensku geitarinnar sem hann er að vinna að. Hann varpaði á skjá myndum sem Jón Eiríksson hefur verið að safna og margar af þeim tekið á Háafelli.

Stefnt er að því að fá fram öll litarafbrigði og sem mesta fjölbreytni í aldri geita og einnig bæði hyrnt og kollótt og bæði kynin. Sennilega eru öll litaafbrigðin komin fram nema svart eða það sem má kalla alsvart. Leitað verður eftir því.

Mikil ánægja var með sýningu Tjörva og framgang mála.

Jóhanna fjallaði um baráttu sína við að halda geitabúskap áfram. Lagður hafi verið fram samningur við hana um verðhækkun á geitamjólk, sem síðar varð ekki eins og til stóð. Jóhanna er í samtökum sem nefnist „Beint frá býli“.

Í fyrra framleiddi Jóhanna 1.800 lítra af mjólk, en hluti hennar eyðilagðist þar sem of mikið var um fríar fitusýrur og fitumolíkulín höfðu verið að springa og þá er ekki hægt að nota mjólkina í osta. Telur hún að rörmjaltakerfinu hafi verið um að kenna og öðrum atriðum sem eru vel þekkt í Noregi. Stöðugt komi fram að þekkingu vanti héraðs. Í sumari sem leið framleiddi Jóhanna 3.500 l.

Mikilvægast telur Jóhanna að styðja við geitastofninn sem slíkan og sérstaklega kollótta stofninn.

Reynt verði að koma á fót geitasetri þar sem m.a. kæmi Landbúnaðarháskólinn að með tilraunir.

Jóhönnu hafa verið boðin laun í tvö ár frá Landbúnaðarráðuneytinu og hyggst hún taka því á meðan ekki er annað í boði.

Jóhanna sagð frá því að erfðarannsókn væri í gangi á íslenska geitastofninum þar sem að fram kæmi að minni skyldleiki væri í stofninum en áður var talið.

Þá hafa verið gerðar efnarannsóknir á mjólk þar sem fram kemur að frumutala er mjög há, en slíkt telst eðlilegt með geitamjólk.

Jóhanna gat þess að hún hafi fengið menningarverðlaun Borgarfjarðar vegna starfs hennar að stuðningi við geitfjárrækt.

Jóhanna talaði um fýrðrun kiðlinganna, hvað hún gefur þeim eftir að þeir eru teknir undan, hvernig þeir þrífast og annað.

Þá minntist Jóhanna á nauðsyn þess að koma upp heimasíðu um geitur og að best myndi vera að fá lén hjá Bændasamtökunum.

Ólafur sagðist hafa farið á árlega sýningu Slow food samtakanna. Þar var mikil umræða í gangi um leyfi fyrir að nota ógerilsneydda mjólk m.a. geitamjólk. Á sýningunni mátti finna sjálfsala með ógerilsneyddri kúamjólk.

Ólafur nefndi að hjá Evrópusambandinu væri ekkert sem bannaði notkun á ógerilsneyddri mjólk, þessar reglur væru yfirleitt strangar á Norðurlöndunum.

Beint frá Býli vilja leyfa sölu á ógerilsneyddri mjólk, en allt stefnir í að það verði leyft í ostum hér á landi.

Daði Einarsson stakk upp á að stofnuð yrði 3 manna nefnd á vegum geitfjárræktarfélagssins sem þrýsti á raðuneyti og þingmenn vegna afurðavinnslumála og verndunar geitastofnsins. Auka greiðsla ætti að koma til frá ríkinu. Ákveðið var að Daði, Jóhanna og Ólafur tækju málið að sér.

Fundi slitið kl. 16:45

Fundarritari: Stefanía Sigurðardóttir

Þeir sem mættu á fundinn eru:

Hinrik Ó Guðmundsson

Ásdís Ársæls

Eva Ulrike Schmidhuser

Hallveig Guðmundsdóttir

Sigurður Sigurðarson

Sigurveig Buch

Jóhanna B Þorvaldsdóttir

Daði Einarsson

Stefanía Sigurðardóttir

Ólafur R Dýrmundsson

Aðalfundur 19. nóv 2009 haldinn í Bændahöllinni kl. 14:00

Hinrik Ó Guðmundsson formaður félagsins setti fundinn og bað Ólaf R. Dýrmundsson að taka að sér stjórn fundarins og Stefaníu Sigurðardóttur fundarritun.

Ólafur tók til máls og kynnti dagskrá og efni fundarins. Sigurður Sigurðarson dýralæknir sat á fundinum, en var tímabundinn og fékk því í upphafi að koma þeim málefnum að sem hann vildi koma til fundarins. Sigurður talaði um veikindi og tengd vandamál í geitabúskap. Í því sambandi vill hann senda geitfjáreigendum eyðublöð eða bækling til að setja af stað könnun. Hægt sé að senda slíkt út með skýrslueyðublöðunum.

Hinrik flutti skýrslu formanns. Hann sagði stjórn félagsins hafa talað saman í síma, en ekki tekist að koma saman stjórnarfundum. Það væri fátt að segja af störfum stjórnar. Kvaðst Hinrik ekki myndi taka að sér áframhaldandi formennsku, enda starfað sem formaður um langt árabil og nú kominn tími til að annar taki við.

Jóhanna B: Þorvaldsdóttir flutti skýrslu gjaldkera sem var á þessa leið:

Inneign í ársbyrjun.....	172.640 kr.
Árgjöld.....	46.000 kr.
Vextir.....	18.485 kr.
Gjöld.....	11.705 kr.
Inneign um síðustu áramót.....	223.617 kr.

Eftir er að innheimta árgjöld fyrir yfirstandandi ár. Jóhanna lét þess getið að einhverjir hafi skráð sig úr félaginu og aðrir nýir félagar skráð sig inn. Félagar nú væru um 30 – 32 alls.

Stefanía las fundargerð síðasta aðalfundar.

Skýrsla stjórnar var borin undir atkvæði og samþykkt.

Ólafur sagði frá því að erfðarannsókn sem unnin hefur verið á Hvanneyri varðandi skyldleika í íslenska geitastofninum væri bráðlega tilbúin og niðurstöðu að vænta. Rannsóknin byggðist á skýrsluhaldinu sem geitfjábændur skiluðu til Bændasamtakanna. Um 500 geitur eru nú í landinu hjá um 40 eigendum.

Ólafur fjallaði um að nú þyrfti að kjósa nýjan formann þar sem að Hinrik væri að hætta eftir að hafa starfað í formannssæti síðan 1994 og varamaður í stjórn þar á undan frá stofnun félagsins árið 1991. Þakkaði hann Hinriki samstarfið.

Þá leitaði Ólafur eftir tilnefningu í sæti formanns og upp kom nafn Jóhönnu B. Þorvaldsdóttur á Háafelli. Var hún einróma kjörin formaður félagsins.

Ólafur leitaði næst eftir tilnefningum í starf gjaldkera og 1 varamanns í stjórn. Gunnar Júlíus Helgason Vogum Vatnsleysuströnd og Helgi H Bragason Setbergi í Fellum voru tilnefndir og ákveðið að stjórnin kæmi saman síðar og skipti með sér verkum.

Að lokum var kjörinn einn nýr skoðunarmaður reikninga, Kristjana Jónsdóttir Rangá 3 í Hróarstungu.

Hinrik þakkaði Ólafi samstarfið í gegnum árin og einnig samstarfsfólki í stjórn félagsins. Fundarfólk þakkaði Hinriki sömuleiðis fyrir hans störf.

Ólafur sagði að Þorsteinn Ólafsson væri staddur á fundinum og því skyldi fólk nýta sér að hlusta á hann eða spyrja hann einhvers varðandi tilflutning geita, varðandi sæðingar eða annað.

Þorsteinn tók til máls. Hann kvaðst hafa tekið við starfi Sigurðar Sigurðarssonar hjá Matvælastofnun sem dýralæknir sjúkdóma jörturdýra. Hlutverk Matvælastofnunar væri eftirlit og að vera ráðgefandi, en ekki að standa að tilraunum. Reyndar þyrfti Matvælastofnun að samþykkja tilflutning líflamba og kiða í samstarfi við héraðsdýralækna. Landbúnaðarráðherra skrifar undir breytingar á varnarlinum. Varðandi þær breytingar er fyrst og fremst lögð áhersla á útbreiðslu reiðuveiki og í öðru lagi garnaveiki. Varnarhólf eru því færri en áður. Þorsteinn fjallaði um hvernig nýjar varnarlinur liggja og þær breytingar sem eru, þá aðallega á Vestfjörðum, Vesturlandi og Austurland, sumar umdeildar. Hann hefur áhuga á að fara betur í gegnum varnir varðandi reiðuveiki í samstarfi við sveitastjórnir og héraðsdýralækna. Hann segir athugandi að horfa öðruvísi á flutning kiða á milli bæja heldur en lamba í sumum tilfellum og að litið sé á aðstæður í hverju tilfelli fyrir sig. Þorsteinn talaði um útbreiðslu hinna ýmsu sjúkdóma m.a. lungnatregðu, sem hefur jafnvel stundum verið misgreind sem lungnapest. Hann talaði einnig um garnaveiki og að skráning á útbreiðslu hennar væri ekki nægilega aðgengileg.

Þorsteinn fjallaði um sæðingar á geitum og sagðist ætla að prófa að taka sæði úr hafri og frysta til væri tækni til slíks og norðmenn hafi notað fryst geitasæði í langan tíma. Kostnaður myndi hljótask af þessu og þyrfti því að sækja um styrki. Valdir yrðu hafrar frá heilbrigðum bæjum sem síðar yrði fargað. Nauðsynlegt væri að nýta árið til undirbúnings og fjáröflunar.

Ólafur sagði að frysting sæðis kæmi sér vel af þremur ástæðum: Vegna varðveislu, vegna geitfjáreigenda sjálfra og vegna útflutnings.

Ólafur minntist á að reglur væru um umsókn á lífkiðum og vildi minna fólk á að sækja um ef sú væri ætlunin.

Ólafur sagði að til hafi staðið að taka sæði úr höfrum á þessu ári. Gengið hafði verið frá því að fá aðstöðu á Hvanneyri og að fá hafra. Hann og Þorsteinn brunnu inni á tíma og sagðist Ólafur taka á sig sinn hlut í málinu. Svona hafi farið vegna annríkis og að of seint hafi komið fram að taka þyrfti viðkomandi hafra frá snemma.

Ólafur minnsist á litaveggspjöldin og sagði að spjöldin fyrrior íslensku geitina og landnámsþænuna væru í ferli.

Jóhanna talaði um geitabúskapinn hjá sér, sagði að það væri stöðug fjölgun og nú um 140 stk. Mjömikil fjölbreytni væri í litaafbrigðum og geiturnar væru ýmist hyrndar, kollóttar eða hníflóttar.

Hún sagði mikið um gestakomur hjá sér og minntist m.a. á hjón frá Bandaríkjunum sem starfa að verndun dýra og jurta í útrýmingarhættu. Au vildu fá geitur og sæði frá Íslandi. Einnig komu hjón frá Bretlandi sem vigtuðu geiturnar og mældu, en þau hafa sérstakan áhuga á að kanna genabreytileikann í geitastofnum í Evrópu.

Jóhanna sagðist selja geitakjöt á 2.500 kr/kg í vagúmpakkningum. Það væri vinsælt og hollt vegna þess hversu fitulíð og próteinríkt það er.

Jóhanna hafði meðferðis saumavörur úr geitaskinni og einnig sápur og baðsölt úr geitamjólk, sem hún hefur verið að framleiða og sagði að þetta væri spurningin um að þora að prófa. Hluti af mjólkinni fari í ostagerð, en langt væri í að ostarnir ú rógerilsneyddri mjólk fengjust viðurkenndir hér á landi.

Vaxandi áhugi og vinsældir væru fyrir geitum og mikilvægt að nýta sér það.

Jóhanna er að koma sér upp heimasíðu www.geitur.com en nauðsynlegt væri að koma upp síðu sjálfs félagsins.

Á fundinum var talað um hvernig félagsmenn gætu náð betur saman, vegna þess hversu dreifðir þeir eru um landið. Nauðsynlegt væri að safna netföngum og hafa samskipti á internetinu.

Ingvar Á. Karlsson var á fundinum og sagðist hann flytja inn franska og spænska geitosta. Mikil eftirspurn væri eftir þeim þótt þeir væru dýrir. Hafði hann búist við að það yrðu forvitnir sælkerar sem sækturt eftir ostunum, en þá væri það aðallega fólk með ofnæmi eða óþol fyrir kúamjólk. Hann sagði að efla þyrfti íslenska framleiðslu á vörunni.

Ákveðið var að senda fundargerðina á tölvupóstföng þeirra félagsmanna sem unnt væri.

Fundi slitið kl. 16:00

Ritari: Stefanía Sigurðardóttir.

Þeir sem sátu fundinn:

Stefanía Sigurðardóttir vorsabæ 2 Skeiðum.
Sigurður Sigurðarson Selfossi
Ólafur R. Dýrmundsson Bændasamtök Íslands
Bettina Wunch Brautartungu
Jóhanna B Þorvaldsdóttir
Ingvar Karlsson Reykjavík
Þórður Hans Halldórsson Litla-Fljóti
Þorsteinn Ólafsson Matvælastofnun
Gunnar Júlíus Helgason Vogum
Kristjana Jónsdóttir Rangá 701 Egilstöðum
Helgi H. Bragason Setbergi 701 Egilsstaðir
Hinrik Óskar Guðmundsson

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands 2010

haldinn í Húsdýragarðinum í Laugardal 19. nóvember kl. 14:00

Mætt voru úr stjórn félagsins: Jóhanna B. Þorvaldsdóttir formaður, Stefanía Sigurðardóttir ritari, Helgi H. Bragason gjaldkeri og Hallveig Guðmundsdóttir meðstjórnandi, en Gunnar Júlíus Helgason meðstjórnandi gat ekki mætt. Þessir aðilar funduðu í um eina og hálf klst. áður en aðalfundurinn hófst.

Alls voru 15 manns á aðalfundi. Fundarstjóri var Ólafur R. Dýrmundsson og fundarritari Stefanía Sigurðardóttir.

Jóhanna flutti skýrslu formanns. Sagði hún að haldinn hafi verið 1 stjórnarfundur á árinu, en hann fór fram í mars. Félagið hefur unnið að söfnun og vali mynda af geitum sem eiga að koma til notkunar á litaveggspjald íslensku geitarinnar. Mun gerð þessa veggspjalds verða fylgt eftir í samráði við Tjörva Bjarnason hjá Bændasamtökum Íslands. Félagar í Geitfjárræktarfélaginu eru 45 og hafa aldrei verið fleiri. Um 20 geitfjáreigendur eru ekki í félaginu og stendur til að reyna að lokka þá í félagið. Jóhanna talaði um sæðingar og að nú væri búið að taka sæði og frysta úr 8 höfnum. Ólafur hafi fundið húsnaði á Hvanneyri undir starfseminna. Birna k. Baldursdóttir hafi lagt ómælda vinnu í hlutina og einnig Þorsteinn Ólafsson dýralæknir, en hann muni segja betur frá því á fundinum m. a. hafi erlendir aðilar óskað eftir sæði. Jóhanna sagði að Anna María Lind textíllistakona hafi komið til sín að Háafelli vikulega um tíma í sumar og kempt ull af um 60 geitum. Anna María heldur sér ullinni af hverri geit, þvær hana og hefur nú spunnið af um 20 geitum.

Stefanía las fundargerð síðasta aðalfundar og Helgi gerði grein fyrir reikningum félagsins. Reikningar liggja ekki fyrir að öðru leiti en því að engin hreyfing hefur verið á árinu, nema hvað varðar vexti og skatta. Inneign á reikningi er nú 227.260 kr. Ekki hafa verið rukkuð inn félagsgjöld í 2 ár, en stefnt er að því að ganga frá reikningum fyrir næstu áramót og verður þá hægt að kynna stöðuna á næsta aðalfundi. Árgjald er 1.000 kr og mun haldast óbreytt.

Skýrsla stjórnar var borin undir fundinn og samþykkt.

Næsti dagskrárliður var kosningar. Komið var að kosningu um ritara félagsins og var Stefanía Sigurðardóttir einróma endurkjörin.

Birna K. Baldursdóttir flutti erindi um rannsóknir sínar á erfðafjölbreytileika innan íslenska geitastofnsins. Þar kom fram að stofninn er lítill lokaður erfðahópur, sem hefur gengið í gegnum nokkra flöskuhálsa og er mikill skyldleiki í stofninum. Stofnstærð hefur sveiflast nokkuð og var t.d. um 900 í kringum árið 1850, aðeins 62 árið 1885, tæplega 3.000 árið 1930, 100 árið 1960 og 520 árið 2008. Erfðafjölbreytileiki er nauðsynleg forsenda fyrir viðhaldi stofna t.d. hvað varðar kynbætur, sjúkdómsþol o.fl. Við þörun skyldra einstaklinga aukast líkur á skyldleikaræktarhnignun sem kemur einkum niður á lífsþrótti, fæðingarþunga og frjósemi. Markmið með rannsókninni er einkum að auka þekkingu á íslenska geitastofninum m.t.t. erfðabreytileika. Greining fór fram með ætternisgögnum og DNA geiningu. Skyldleiki er meiri innan svæða (sauðfjársjúkdómahólfa) en milli svæða. 350 lífsýni voru tekin á 26 bæjum. Fátt er hægt að segja um skyldleika við önnur kyn að svo stöddu, en þörf er á umfangsmeiri rannsókn. Virk stofnstærð er tíu sinnum lægri en lægstu viðmið gera ráð fyrir til að forðast hnignun í eiginleikum sem tengjast lífsþrótti. Ályktanir eru einkum þær að brjóta þurfi upp einangrun hópa innan stofnsins og að gera þurfi verndaráætlun til lengri tíma samhliða aukinni nýtingu á stofninum. Verkefni sem eru í gangi er ættbók íslenska geitastofnsins, söfnun og nýting hafrasæðis og námskeið um geitfjárrækt. Í lok erindisins þakkaði Birna þeim sem helst komu að aðstoð við verkefnið svo og styrktaraðilum.

Umræður spunnust á fundinum um það sem fram kom í erindinu, en það þótti mjög fróðlegt. Talað var um hugsanlegan skyldleika hinna ýmsu geitastofna í heiminum og þá m.a. ýmislegt sem benti til skyldleika íslensku geitarinnar og geita í Wales. Talað var um nauðsyn þess að hafa örugga ættbók og hvort að hún myndi þurfa að standast kröfur ESB. Ólafur taldi að skýrsluhaldið væri viðurkennt eins og það er nú. Hann sagði að aðeins 2/3 geitfjáreigenda skiluðu skýrslum og lagði áherslu á að vanda þyrfti betur ætternisskýrslu og alla skýrslugerð.

Þorsteinn Ólafsson ræddi um söfnun hafrasæðis. Hann sagðist vilja þakka Birnu sérstaklega fyrir að það allt tókst. Aðstaðan á Hvanneyri var hreinsuð. Fram kom að það voru Birna, Jóhanna og

Þorsteinn sem sóttu hafrana af sambærilegum svæðum á landinu og leyft er með hrúta. Aðallega var horft á að riða væri ekki nærri þeim bæjum sem tekið var af. Á meðan á sæðistöku stóð var sauðfjársæðingastöðin nánast flutt að Hvanneyri í bili. Kvaðst Þorsteinn hafa leitað í smiðjur normanna með tækni við frystingu sæðis. Sæðistaka gekk bærilega og tókst að ná sæði úr öllum höfrunum, alls 900 stráum sem duga til sæðinga á 450 geitum, en reiknað er með að sæða hverja geit tvisvar sinnum með 12 tíma millibili til að hitta á egglos. Búið væri að senda sæði norður í land til notkunar. Sæðisgæðin voru aðeins breytileg frá degi til dags, en allt upp í 7 milljarða sæðisfruma mældust í 1 skammti úr hafri. Eftir á að koma í ljós með árangur af sæðingunum. Mikilvægt er að halda utan um notkunina og passa upp á val út frá skyldleika. Fleiri þurfi að vera virkir í að taka þátt í ræktuninni.

Rætt var um gang mála í sæðingastarfsemi og þá m.a. dreifingu sæðis og tækja. Þorsteinn mælti með að geitfjáreigendur færu á námskeið í sauðfjársæðingum, en það myndi nýtast líka fyrir geitur. Gert var kaffihlé.

Á fundinn var mætt Anna María Lind og kynnti vinnu sína við kemmingu og vinnslu geitakasmírs. Hún sagðist hafa fengið áhuga á geitum fyrst þegar hún sá þær fyrir mörgum áratugum í Þerney. Hún hefur nú fengið sér hentuga kamba og safnað ull af geitum á Háafelli. Um 100 gr. hafa fengist af hverri geit, en best er að kemba þeim þegar þær eru að fara úr hárum á vorin og snemmsumars. Anna María hafði meðferðis nokkuð af sýnishornum til að sýna fundarfólki. Hún heldur sér ullinni af hverri geit til þess að geta seinna borið saman ullargæðin. Hún þvær ullina í grysþupokum og notar þvottaefni í vatnið sem er ætlað fyrir ull og silki. Hún þurrkar ullina á grind og síðan hærir. Hún hyggst senda ullina til rannsóknar í Skotlandi.

Góður rómur var gerður á fundinum að vinnu Önnu Maríu. Sagði Ólafur að þetta verkefni hennar væri hið fyrsta síðan Stefán Aðalsteinsson gerði á sínum tíma frumrannsókn á magni og hlutfalli þels og togs á íslenskum geitum. Hann vænti þess að þetta ætti eftir að vera verðmætt í framtíðinni. Rætt var um hugtakið að fara í geitahús að leita sér ullar og einnig urðu umræður um mismunandi tegundir og eðli ullar hjá hinum ýmsu geitastofnum í heiminum.

Ólafur talaði um skýrslueyðublöðin og að fara þyrfti ofan í formið á þeim og gera það ýtarlegra. Jóhanna talaði um nauðsyn þess að koma upp heimasíðu fyrir félagið. Var ákveðið að Guðni Indriðason Laufbrekku myndi taka að sér gerð heimasíðu. Jóhanna fjallaði einnig um að gott væri að félagið ætti merki sem nota mætti t.d. á heimasíðunni, á skilti eða fána heima við bæi og við margs konar tækifæri. Hugmyndin fékk góðar undirtektir og ætlar Anna María að prófa að hanna merkið.

Ólafur sagði frá því að nú væru 646 geitur í 52 hjörðum skráðar á forðagæsluskýrslu. Þetta væri mesti fjöldi síðan á seinnistríðsárum.

Fjallað var um að halda fundi víðar um landið og að stefnt skyldi að því að halda næsta aðalfund félagsins á Akureyri.

Fundi slitið kl. 16:45

Fundargerð 2011 aðalfundar Geitfjárræktarfélags Íslands.

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands haldinn í Búgarði á Akureyri 5. Nóvember 2011 kl. 14:00
Jóhanna B. Þorvaldsdóttir formaður félagsins setti fundinn. Gunnar Júlíus Helgason var fundarstjóri og Stefanía Sigurðardóttir fundarritari.

Fyrsti dagskrárliður var skýrsla stjórnar.

Jóhanna fór yfir störf félagsins og annað sem gerst hefur á árinu. Einn stjórnarfundur var haldinn þann 2. september. Þar var farið yfir undirbúning vegna væntanlegs aðalfundar og einnig var samið bréf sem sent var Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Í bréfinu var lýst áhyggjum vegna stöðu geitastofnsins í landinu.

Jóhanna gat þess að Geitfjársetur hafi verið stofnað til stuðnings geitfjárstofninum. Þá kom fram í máli hennar að geitaeigendur í landinu eru nú taldir um 64 alls. Félagar í Geitfjárræktarfélaginu voru lengst af um 30 en hafi fjölgað á 3-5 síðustu árum og væru nú 80 og gaman væri að fylgjast með þessari fjölgun.

Jóhanna talaði um starf Birnu K. Baldursdóttur, sem hefur staðið að söfnun hafrasæðis úr 8 geithöfrum í fyrra, en þá voru sæddar geitur á nokkrum bæjum og í haust eiga að bætast við 3 hafrar til sæðistöku. Fluttir voru út 100 sæðisskammtar til útlanda nú í haust.

Jóhanna sagði frá því að Anna María Lind væri að vinna mikið verkefni með geitakasmír og það væri allt unnið í sjálfböðavinnu. Þá hafi Anna María einnig hannað merki eða „logo“ fyrir Geitfjárræktarfélag Íslands, sem hún hafi gefið félaginu. Fundarmenn stóðu upp og klöppuðu henni lof í lófa.

Stefanía Sigurðardóttir las fundargerð síðasta aðalfundar sem haldinn var í Húsdýragarðinum í Reykjavík þann 19. nóvember 2010.

Helgi H. Bragason flutti skýrslu gjaldkera og útbítti ársreikningi félagsins sem var unninn með aðstoð fyrirtækis sem nefnist „Ráðgjöf og lausnir“ og undirritaður af Kristjönu Jónsdóttur kjörnum skoðunarmanni reikninga félagsins.

Tekjur voru engar á árinu og gjöld engin. Inneign á bankareikningi er 231.247 kr. Útistandandi félagsgjöld eru 113.000 kr. en ekki hafa verið rukkuð félagsgjöld í 2 ár.

Félagið hefur hingað til ekki verið með eigin kennitölu, en á þessum aðalfundi stendur til að ganga frá breytingum á lögum félagsins, svo að hægt verði að sækja um kennitölu.

Skýrsla stjórnar var borin upp og samþykkt.

Fundarstjóri las upp og dreifði á fundinum tillögu að breyttum lögum fyrir félagið. Tillagan var samþykkt einróma, en hér á eftir fylgja lög félagsins eins og þau líta út eftir breytinguna:

LÖG GEITFJÁRRÆTARFÉLAGS ÍSLANDS

1. Félagið heitir Geitfjárræktarfélag Íslands

2. Heimili félagsins er hjá formanni og varnarþing er í Reykjavík

3. Félagar geta þeir orðið sem eiga geitur svo og þeir sem sérstakan áhuga hafa á geitum almennt.

4. Tilgangur félagsins er:

a) Að stuðla að verndun og viðhaldi íslenska geitfjárstofnsins og vinna að ræktun hans.

b) Að leita leiða til að bæta nýtingu og auka verðmæti geitaafurða almennt.

5. Tekjuöflun til nauðsynlegra verkefna skal ákveðin á hverjum aðalfundi skv. áætlun fyrir næsta ár.

6. Stofnfélagar:

7. a) Stjórn félagsins skipa 5 menn: Formaður, ritari, gjaldkeri og 2 meðstjórnendur þeir kosnir til 3ja ára í senn. Formaður skal þó kosinn á hverjum aðalfundi. Þá skal einnig kjósa 2 varamenn og 2 endurskoðendur (ATH: skoðunarmenn reikninga) til tveggja ára í senn, þannig að þeir gangi úr stjórn sitt hvort árið.

b) Daglega umsjón félagsins annast formaður.

c) Firmaritun félagsins er í höndum stjórnar.

8. Starfstími félagsins er almanaksárið. Aðalfundur skal halda árlega, eigi síðar en 15. apríl.

Þarstjórnin grein fyrir störfum félagsins á liðnu ári, leggur fram tillögur um verkefni næsta árs og leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.

9. Árgjald félagsins er 2000 kr. og innheimtist í upphafi hvers almanaksárs.

10. Rekstrarafgangi / hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til styrkingar íslenska geitfjárstofnsins á einn eða annan hátt.
11. Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórn fyrir 1. mars ár hvert og verða tilkynntar með fundarboði til aðalfundar.
12. Ákvörðun um slit félagsins verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir félagsins þá til Landbúnaðarháskóla Íslands.

Á dagskrá fundar voru kosningar samkvæmt nýsamþykktum lögum. Aðalmenn í stjórn voru kosnir hinir sömu og voru áður: Jóhanna B. Þorvaldsdóttir formaður, Stefanía Sigurðardóttir ritari, Helgi H. Bragason gjaldkeri og Gunnar Júlíus Helgason og Hallveig Guðmundsdóttir meðstjórnendur. Tveir varamenn í stjórn voru kosnir Linda Ríkharðsdóttir og Bettina Wunsh. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Kristjana Jónsdóttir og Vilhjálmur Grímsson.

Að loknum kosningum var gert kaffihlé og drukkið afmæliscaffi þar sem borin var fram veisluterta í tilefni 20 ára afmælis félagsins.

Næsti dagskrárliður var erindi Önnu Maríu Lind. Hún sagði frá því hvernig hún fékk fyrst áhuga á geitum og ullinni af þeim. Hún er farin að kemma geitum á Háafelli og hún hefur einnig flutt inn kamba sem henta vel og er með þá til sölu á kostnaðarverði. Hún hærir ullina, þ.e.a.s. aðskilur þel og tog, sem einnig mætti kalla kasmír og strí. Hún var með sýnishorn sem hún hafði spunnið og hún útskýrði vinnu sína.

Anna María hefur sent nokkur sýni í rannsókn erlendis til að kanna gæði ullarinnar og fékk síðan aðstoð hjá Ístex við að túlka niðurstöðurnar. Þar kom m.a. fram að lengd háraanna í fiðunni (þelinu) þarf að vera viss til þess að geta talist gæðavara í vinnslu. Hún sýndi einnig myndir þar sem verið er að kemma geitum og útskýrði hvernig hægt er að gera sér góða aðstöðu.

Anna María er í sambandi við norskt fyrirtæki sem rekur spunaverksmiðju og hyggst komast í samvinnu við það í samráði við Matvælastofnun hér á landi. Að lágmarki þarf að senda inn 5 kg samtímis.

Rætt var á fundinum um frekari rannsóknir sem gætu orðið grunnur að nýtingu geitaullarinnar.

Anna María sagði frá heimsókn sinni til Englands þar sem hún fór á geitabú þar sem m.a. eru móhergeitur, einnig villt skoskt geitfé og fleiri stofnar. Að lokum sagðist Anna María mæla með því að hugað yrði frekar að nýtingu geitaafurða s.s. kjöti, skinni og sérstaklega mjólk.

Stefanía Sigurðardóttir flutti samantekt um sögu Geitfjárræktarfélags Íslands í tilefni af 20 ára afmæli þess. Þar kom fram að félagið var stofnað þann 22. nóvember 1991 af nokkrum áhugamönnum um geitfjárrækt. Einn helsti hvatamaður að stofnun félagsins var Ólafur R.

Dýrmondsson og hefur hann unnið ötulst starf fyrir félagið og stutt við bakið á því á öllum sviðum.

Tilgangur með stofnun félagsins var að þjappa geitfjáreigendum saman um sameiginleg hagsmunamál, einkum þau að halda utan um verndun og viðhald geitfjárstofnsins í landinu og að beita sér fyrir betri nýtingu afurða. Fjöldi félaga var lengi vel um 30 en hefur fjölgað mjög á allra seinustu árum og eru nú 80 skráðir félagar.

Skyldleikarækt innan geitastofnsins er vel þekkt vandamál, en GFÍ hefur beitt sér fyrir að mögulegt væri að flytja geitfé á milli bæja og á milli landshluta til þess að draga úr skyldleika innan hjarða. Í fyrra hófst söfnun á hafrasæði sem er upphafið af sæðingastarfsemi sem á að auðvelda dreyfingu erfðaefnis.

Hugmyndir um nýtingu geitfjárafurða eru mikið ræddar innan GFÍ en afurðir eru ekki nýttar að neinu ráði, nema þá helst á Háafelli í Borgarfirði, en þar er stærsta hjörð á landinu og er unnið heilmikið starf hvað varðar nýtingu á afurðum.

Stefanía óskaði að lokum félaginu til hamingju með 20 ára starfsaldur og óskaði því farsællar framtíðar á þessum tímamótum.

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir hvað sér hljóðs á fundinum. Hún talaði um sæðingastarfsemi og ýmislegt sem lítur að gangmálum og gangferli geita. Spurt var úr sal hvernig hafrar væru valdir til sæðistöku og hvort að valið væri eftir eiginleikum svo sem útliti eða öðru. Jóhanna svaraði því til að einungis væri unnt að velja frá þeim bæjum / svæðum þar sem ekki væru þekktir smitsjúkdómar til staðar.

Tilgangur með söfnun hafrasæðis væri fyrst og fremst að varðveita fjölbreytt erfðaefni og geta miðlað því til geitfjáreigenda.

Jóhanna fjallaði um námskeið um geitfjárrækt sem haldið var síðastliðið vor. Hún var með glærur sem sýndu hluta af verkefnum sem notuð voru þar. Þar komu fram myndir af kollóttu, hníflóttu og allavega hyrndu geitfé. Einnig voru myndir sem sýndu mismunandi hárafar og að sjálfsögðu mismunandi liti. Jóhanna sýndi margar myndir frá Háafelli og frá fleiri stöðum. Hún fór yfir heiti litanna og að ekki væru til örugg og samræmd heiti á öllum litunum. Talað var um að fá Birnu K. Baldursdóttur til aðstoðar við að finna litaheitin sem setja skal á litaveggspjald íslensku geitarinnar sem unnið er að útgáfu á. Einnig að setja mætti myndir inn á heimasíðuna og gefa fólki kost á að koma með hugmyndir.

Umræður urðu á fundinum um sjúkdóma í geitfé og reynslu fólks í þeim málum.

Fram komu umræður um að koma þyrfti á góðum gagnagrunni fyrir geitastofninn í landinu, þar sem m.a. væru skráðar ættir, litir og fleiri einkenni. Gagnagrunnurinn gæti fengið nafnið Geitvís.

Fundi slitið kl. 17:00

Þeir sem sátu fundinn voru:

Stefanía Sigurðardóttir..... Vorsabæ 2. Skeiðum

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir..... Háafelli

Helgi H. Bragason..... Setbergi

Hlynur Bragason..... Fellabæ

Gitta U. Ármannsdóttir..... Syðri-Haga

Jóhann Páll Þorkelsson.....

Kristín J. Sigþórsdóttir.....

Anna María Lind Geirsdóttir.....

Linda Ríkharðsdóttir..... Pálmholti

Vilhjálmur Grímsson..... Rauðá

Soffía S. Hreinsdóttir..... Klaufabrekkum

Gunnar Kj. Þorleifsson..... Fjallalækjarseli

Bettina Wunsh.....

Guðmundur Steinsson..... Þúfnavöllum

Sturla Eiðsson..... Þúfnavöllum

Guðmundur Jón Guðmundsson..... Holtsseli

Gunnar Júlíus Helgason

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands 2012

haldinn í húsdýragarðinum í Reykjavík 9. Nóvember kl. 14:00

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir formaður félagsins setti fundinn. Ólafur R. Dýrmundsson var skipaður fundarstjóri og Stefanía Sigurðardóttir fundarritari.

Á dagskrá fundarins var skýrsla stjórnar.

Jóhanna fór í stuttu máli yfir störf félagsins og annað sem gerst hefur á árinu í málefnum geitfjárræktarinnar. Í fyrra var prófað að hafa aðalfundinn á Akureyri og var góð mæting eða 17 manns á þeim fundi. Þá var minnst þess að 20 ár voru liðin frá stofnun félagsins. Farið var í að breyta lögum félagsins til að uppfylla kröfur til umsóknar um kennitölu og er félagið nú komið með kennitölu.

Aðeins 1 stjórnarfundur var haldinn á árinu.

Sæðingar voru framkvæmdar síðastliðið haust, en Birna ætlar að fjalla nánar um þær hér á fundinum.

Anna María hefur haldið áfram að stunda verkefni með ull af geitum, en hún mun einnig fjalla um það á þessum fundi.

Í vor var talið að 818 geitur væru til í landinu hjá 76 eigendum og er greinilegt að áhugi hefur aukist verulega fyrir geitunum.

Jóhanna sagði frá stöðu reikninga félagsins, en gjaldkerinn Helgi H. Bragaason komst ekki á fundinn þar sem hann var veðurtepptur. Staðan er sú að í árslok 2010 voru til rúmlega 230.000 kr. á bankareikningi og þá voru útistandandi ógreidd félagsgjöld 113.000 kr., en ekki var hægt að leggja fram reikninga eins og þeir standa nú.

Stefanía Sigurðardóttir las upp fundargerð síðasta aðalfundar.

Næsti dagskrárliður var kosningar og skyldi kosið um formann félagsins. Jóhanna B. Þorvaldsdóttir hafði ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram. Stungið var upp á Gunnari Júlíusi Helgasyni. Ekki komu fram aðrar uppástungur um formann og var því einróma samþykkt á fundinum að Gunnar tæki við stöðu formanns. Þar sem að Gunnar hafði verið meðstjórnandi þurfti að kjósa nýjan mann í stjórn í hans stað. Þá var Linda Ríkharðsdóttir kosin, en hún var áður varamaður í stjórninni. Að lokum þurfti að kjósa nýjan varamann í stað Lindu og var Guðni Á. Indriðason kosinn í hennar stað. Að loknum kosningum voru Jóhönnu þökkuð vel unnin störf sem formaður félagsins.

Birna K. Baldursdóttir sagði frá gangi mála varðandi geitfjársæðingar. All nokkrum sæðisskömmtum var safnað úr geithöfum haustið 2010 og síðan bættust við nokkrir skammtar haustið 2011. Til eru núna 737 skammtar úr 10 höfrum. Þegar geitur eru sæddar þarf að sæða þær 2 daga í röð til að betri árangur náist.

Birna fór yfir árangur sæðinganna á 2 undanförunum árum og er hann talinn mjög góður eða vel yfir 50 %. Birna fjallaði um ástæður fyrir misgóðum árangri og hverjar þær hugsanlega væru.

Bannað er að hafa gripi af mismunandi búfjártegundum á sömu sæðingastöð. Birna taldi nauðsynlegt að geta safnað meira sæði úr sem flestum höfrum, en eins og er væri ekki til fjármagn til þess. Birna sagði það einnig nauðsynlegt að nota sem flesta hafra á hverjum bæ til þess að viðhalda breytileika og sporna við skyldleikarækt.

Birna fjallaði um að vinna þyrfti að bættari skýrslugerð og að halda þyrfti vel utan um ætternisupplýsingar. Standa þyrfti að aðgerðum til að ná markmiðum Geitfjárræktarfélags Íslands varðandi verndun og viðhald íslenska geitfjárstofnsins og ræktun hans. Ef til vill væri stofnun fagráðs í geitfjárrækt eins og í annari búfjárrækt ein leiðin til þess. Það viðmið sem notað er til þess að dýrastofn teljist ekki í útrýningarhættu er 2.500 kvendýr að lágmarki.

Að lokum minntist Birna á það að til stæði að hafa „Dag geitarinnar“ í Þjóðmynjasafni Íslands þann 30. nóvember.

Ólafur R. Dýrmundsson skaut því inn í umræðuna að á vegum Bændasamtaka Íslands væri verið að vinna að samskonar gagnagrunni fyrir geitfjárræktina og Fjárvis byggir á. Hann hvaðst sammála því að mikið skorti á ítarlegri upplýsingar í ætternisskráningu geitfjárstofnsins, en þar þyrftu líka geitfjáreigendur að taka sig á hvað skráningu varðar og t.d. væru ekki nema 2/3 hluti eigenda sem skiluðu skýrslu til Bændasamtakanna.

Ólafur greindi frá því að Þorsteinn Ólafsson dýralæknir hafi því miður ekki komist á fundinn eins og til stóð, þar sem hann ætlaði að fjalla um flutning lífdýra á milli sauðfjárveikivarnarhólfa. Jóhanna stóð upp og kom inn á nokkur atriði sem Þorsteinn hafði ætlað að fjalla um. Sagði hún að Þorsteinn vildi fá umsóknir um flutning lífkiða snemma á árinu eða fyrr en verið hefur, til þess að geta mögulega miðlað mjög ungum / jafnvel nýfæddum kiðlingum til nýrra eigenda. Hann talaði einnig um að nauðsynlegt væri að eigendur geitfjár sýndu viðleitni í að reyna að halda því innan girðinga.

Jóhanna gat þess að hún hafi selt 30 kiðlinga nú á árnunni, en hún var ekki með söluleyfi vegna garnaveiki í 10 ár þar á undan.

Anna María Lind var á fundinum og lýsti hún vinnu sinni og tilraunum við að nýta ull af geitum. Hún þvær ullina og túnir allt tog frá þelinu. Af 5 kg. eru um 3 kg. nýtanleg, en þelharin þurfa að vera nógu löng til að geta talist nýtanleg í 1. flokks kasmír. Hægt er að taka þurfa af geitinni á miðri síðu og mæla magn og lengd hársins og meta þannig gæðin hjá einstaka geitum.

Ólafur fjallaði um lífræna framleiðslu í landbúnaði. Hann sagði að geitfé hér á landi ætti að geta hentað vel í lífrænum landbúnaði, þar sem að það væri talið nýta mjög vel fóður. Beitilönd þyrftu að vera vottuð og heyin af túnnum sem ekki væri borinn tilbúinn áburður á, en t.d. starengjar gætu hentað vel. Dýrin mætti ekki fóðra á kjarnfóðri eða neinu sem kemur úr erfðabreyttu hráefni. Mjólk úr dýrum sem nærast meira á gróffóðri en kjarnfóðri inniheldur meira af omega 3 og minna af óæskilegri fitu. Í reglum um lyfjagjöf er gert ráð fyrir að skylt sé að sprauta fyrirbyggjandi við smitsjúkdómum svo sem garnaveiki. Skylt er að skrá niður allar lyfjagjafir, en veikar skepnur skulu fá nauðsynleg lyf. Ef um fúkkalyf er að ræða er reiknað með tvisvar sinnum lengri tíma til útskolunar heldur en í almennum (ekki lífrænum) landbúnaði, svo að nýta megi afurðir.

Dýralækniskostnaður á lífrænu búni er yfirleitt minni, þar sem mun sjaldnar þarf að kalla til dýralækni. Hægt er að sækja um aðlögunarstyrk til að hefja lífrænan landbúnað út á tún og jarðvinnslu og einnig er veittur styrkur út á fjölda gripa að norskri fyrirmynd. Rými í fjárhúsi skal vera minnst 1,5 fm. á hverja kind á lírænu búni og er reiknað með sama rými fyrir hverja geit, en þó er talið að geitur þurfi meira rými en það, til þess að þeim líði sem best. Aftur á móti er almenna reglan sú að miða við 0,7 fm. á hverja kind á venjulegu búni. Á lífrænu búni skulu gripir fá daglega útivist þegar veður leyfir. Um 20 % hærra verð er greitt fyrir framleiðsluvörur úr lífrænum landbúnaði hér á landi og enn hærra fyrir grænmeti. Ólafur hvatti til þess að haft yrði samband við sig ef fólk vildi kynna sér eitthvað betur varðandi lífrænan landbúnað eða komast á námskeið.

Varðandi vistvænan landbúnað sagði Ólafur að reglur í slíku væru mjög svipaðar og í gæðastýringu sauðfjár hvað snertir velferð og aðbúnað dýra, beitarþol lands, skýrsluhald og fleira.

Ólafur benti á að Framleiðnisjóður landbúnaðarins býr yfir sjóði til úthlutunar í nýsköpun. Einnig benti Ólafur á að Geitfjárræktarfélag Íslands gæti talað við Eirík Blöndal hjá Bændasamtökunum til að sækja um aðild að búgreinasamtökunum.

Í lok fundarins var fjallað um ýmis mál svo sem að ganga þyrfti frá litaheitum og í framhaldi af því að ganga frá litaveggspjaldi íslensku geitarinnar.

Jóhanna talaði um starfsemina á sínu búni að Háafelli í Borgarfirði. Þar kom fram að hún hafði fóðrað 27 af sínum geitum við opið hús síðastliðinn vetur og varð hún vör við betri heilsu gripanna sem kom m.a. fram í betra hárafari og meiri frjósemi. Geitfjársetur var stofnað á Háafelli og þangað hefur sótt fjöldi gesta og lítur út fyrir að áhugi sé alltaf að aukast á afurðum geitarinnar. Jóhanna býr til sápur og græðandi krem sem innihalda m.a. geitatólg og geitamjólk og einnig selur hún handunnar vörur úr geitaskinni. Geitamjólk er talin afar holl, en frekari rannsóknir skortir til staðfestingar á innihaldi hennar og hollustu.

Guðni Á Indriðason sem sér um heimasíðu Geitfjárræktarfélags Íslands, geit.is hvatti til þess að fólk myndi nýta sér heimasíðuna betur og vera virkara í að kynna hana og koma með efni á hana.

Fundi slitið kl. 16: 30

Fundarritari: Stefanía Sigurðardóttir

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands 2013

haldinn á Grand Hótel í Reykjavík 22. nóvember kl. 15:00

Gunnar Júlíus Helgason formaður félagsins setti fundinn. Jóhanna B. Þorvaldsdóttir var skipuð fundarstjóri og Stefanía Sigurðardóttir fundarritari.

Gunnar Helgason flutti skýrslu stjórnar. Þar kom fram að aðalfundur árið 2012 var haldinn 9. nóvember í Húsdýragarðinum og mæting var nokkuð góð, sem er í takt við vaxandi áhuga á íslensku geitinni. Á þeim fundi steig Jóhanna B. Þorvaldsdóttir úr stjórn eftir að hafa verið í stjórn nánast frá upphafi eða í um 20 ár og vill stjórn félagsins þakka henni fyrir hennar framlag. Gunnar var kjörinn formaður í hennar stað, en fyrir í stjórn voru Helgi H. Bragason gjaldkeri, Stefanía Sigurðardóttir ritari og Hallveig Guðmundsdóttir meðstjórnandi, en Linda Ríkhardsdóttir kom inn sem nýr meðstjórnandi. Þá var Guðni Á. Indriðason kjörinn varamaður, en fyrir var einnig Bettina Wunch sem varamaður.

Þann 30. nóvember kom félagið að málþingi um íslensku geitina sem var haldið í Þjóðminjasafninu ásamt breiðum hópi fólks og öðrum félagsskap sem ber hag íslensku geitarinnar fyrir brjósti og mátti heyra það á ræðumönnum jafnt sem gestum að vel hefði tekist til með þingið.

Á miðjum vetri heyrði formaður í Þórarni Inga formanni Félags sauðfjárbænda þar sem bar á góma umræða um hvort rödd geitfjárræktenda yrði öflugri ef þeir sæktu um aðild að félagi sauðfjárbænda sem deild innan félagsins og þá með sauðfjárbændur sem bandamenn. Þetta voru bara vangaveitur sem ekki var farið djúpt í, en það má velta þessari spurningu á þennan aðalfund og þá þeirri spurningu einnig hvort sækja eigi um beina aðild að Bændasamtökunum.

Í marsmánuði 2013 var lagt upp í ferðalag, en þar fóru Jóhanna B. Þorvaldsdóttir geitfjárræktandi, Birna K. Baldursdóttir hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Gunnar J. Helgason formaður Geitfjárræktarfélags Íslands og heimsóttu geitaeigendur allt frá Vatnsdal í Húnavatnssýslu austur í Eyjafjörð. Ferðalagið varði í 3 daga og þetta var góð og gagnleg ferð enda allstaðar góðar móttökur. Vandí íslensku geitarinnar kom skýrt fram í þessari ferð, gríðarleg skyldleikaræktun og geitin höfð frekar börnum til ánægju en að hún sé haldin til nytja.

Undir haust settist stjórn félagsins niður og skrifaði bréf til Sigurðar Inga sitjandi

landbúnaðarráðherra og tjáði honum um vaxandi áhyggjur af íslenska geitfjárstofninum og þá sérstaklega ef geitfjárbúið að Háafelli legðist af, sem lá jafnvel í loftinu. En eins og staða geitarinnar er í dag gegnir ræktunarbúið að Háafelli gríðarlega mikilvægu hlutverki í verndun og ræktun á íslensku geitinni, auk þess sem halda þar til um 25 % af íslenska stofninum.

Það er ekki hægt að enda þennan pistil án þess að minnst Hinriks Ó. Guðmundssonar sem lést í janúar á þessu ári. Hinrik var einn af stofnendum þessa félags og meðlimur þess alla tíð. Hann var formaður félagsins í 15 ár og baráttumaður um málefni geitfjáreigenda. Hann bjó að Bóli í Biskupstungum og hélt þar geitur þangað til að hann þurfti að skera niður vegna riðu, en þrátt fyrir það gegndi hann áfram formennsku í Geitfjárræktarfélaginu og var ötull talsmaður íslensku geitarinnar.

Þegar Gunnar hafði lokið máli sínu stóð Stefanía upp og las fundargerð síðasta aðalfundar frá árinu 2012.

Að því búnu var komið að gjaldkera félagsins Helga H. Bragason að útskýra reikninga félagsins, en hann dreyfði á fundinum útprentuðu yfirliti reikninganna, sem eru unnir með aðstoð fyrirtækis sem nefnist Ráðgjöf og lausnir. Annars vegar var um að ræða reikningsyfirlit fyrir árið 2011, en það hafði ekki borist aðalfundi á síðastliðnu ári. Þar kemur fram að í árslok er inneign á bankareikningi 211.321 kr. Útistandandi félagsgjöld voru 166.000 kr. Eignir því 377.321 kr. Reikningarnir voru bornir undir fundinn og samþykktir.

Því næst fór Helgi yfir reikninga fyrir árið 2012 sem einnig voru á útprentuðu yfirliti dreyfðir til fundarfólks. Á því yfirliti var eingöngu um áætlun að ræða, þar sem ekki hafði tekist að ljúka við gerð reikninganna. Inneign á bankareikningi í árslok mun vera 354.777 kr. en gert er ráð fyrir að skuldir og eigið fé sé samtals 414.777 kr. Yfirlit reikninganna var borið undir fundinn. Fram komu athugasemdir sem fengust útskýrðar og var yfirlitið síðan samþykkt sem áætlun yfir stöðu ársins 2012.

Næsti liður fundarins voru kosningar. Kosið skyldi um formann samkvæmt lögum félagsins. Gunnar J. Helgason sitjandi formaður bauð sig fram og var hann einróma endurkjörinn. Einnig skyldi kosið um einn varamann og að þessu sinni Bettinu

Wunch, en hún var einróma endurkjörin. Að lokum var komið að því að kjósa um einn skoðunarmann reikninga og þá að þessu sinni Kristjönu Jónsdóttur. Kristjana var einnig endurkjörin einróma.

Að kosningum loknum stóð Gunnar upp og sagðist vilja leggja það undir fundinn að næsti aðalfundur félagsins yrði haldinn á Höfn í Hornafirði og þá snemma í mars. Talaði Gunnar um það að árið 2011 hafi aðalfundurinn verið haldinn á Akureyri og þá sést mörg ný andlit á fundinum. Sagði Gunnar að almenn ánægja hafi verið með að halda fundinn utan Reykjavíkur, enda hafi oft verið umræða innan félagsins um að fara með fundina á milli landshluta. Talað var um kosti þess að halda aðalfundina í Reykjavík þar sem fólk gæti átt auðveldara með að sækja fundi þar, en aftur á móti líka kosti þess að halda fundi út um land þar sem auðveldara væri að ná tengslum við þá sem byggju næstir viðkomandi stöðum. Eftir nokkra umræðu var ákveðið að stefna að næsta aðalfundi á Höfn í byrjun mars eins og lagt hafði verið til. Einnig var ákveðið að standa vel að kynningu á þeim fundi og leitast þannig við að fá sem flesta til að mæta á fundinn.

Nú var komið að liðnum önnur mál. Birna K. Baldursdóttir hvaddi sér hljóðs og ræddi um ferðina í lok mars sem hún og Jóhanna og Gunnar fóru. Ferðin stóð yfir í 3 daga og heimsóttu þau 22 aðila sem halda geitfé. Byrjuðu þau í Vatnsdal og fóru um Skagafjörð og til Hofsós, en snéru þar við vegna óveðurs og fóru að lokum um Eyjafjörðinn. Birna sagði að þau hefðu upplifað margt í ferðinni í viðræðum við fólk. Eitt af því var hversu lítið sumir geitfjáreigendur sinntu um afurðir og sendu jafnvel kiðin í sláturhús án þess að sinna því hvað yrði um kjötið. Skagfirðingar þyrftu greinilega að tala betur við sláturleyfishafa. Margir væru að nota vel afurðirnar t.d. stökurnar (skinnin) og sáu þau töskur, púða o.fl. unnið úr geitaskinni. Persónulega fannst Birnu aðbúnaður geitanna mjög mismunandi, sumstaðar alls ekki góður, en annars staðar var aðbúnaður til fyrirmyndar, mikið rými og skemmtileg aðstaða. Áberandi var að eigendur tala vel um geiturnar sínar og að þær hafa t.d. nöfn. Um 6 aðilar sem þau hittu gengu í Geitfjárræktarfélag Íslands. Aðspurð sagði Birna það jafnvel hugsanlegt að farin yrði önnur svona ferð og þá um Austurland. Í framhaldi af því sem kom fram í máli Birnu spunnust umræður um margt sem snýr að sláturleyfishöfum, hvað varðar móttöku geitfjár og meðhöndlun kjöts og skinna. Stundum skorti virðingu fyrir verðmætum afurðanna og t.d. kæmi fyrir að skinn væru sködduð í fláningu, sem stæði til að súta og nota. Þá væri einnig bagalegt að aðeins 1 sútunarverksmiðja væri á landinu og því gæti verið langt að sækja þá þjónustu. Fundarmenn voru sammála um nauðsyn þess að þrýsta á um að standa betur að þjónustu við geitfjáreigendur þegar kemur að slátrun og meðhöndlun sláturafurða. Birna fjallaði um að hún væri að huga að uppsetningu gagnagrunns í geitfjárræktinni og nauðsynlegt væri að góður ætternisgrunnur væri til. Birna sagði einnig frá því að 4 dögum áður hefðu hún og Jóhanna fundað með Ólafi Dýrmundssyni og Tjörva Bjarnasyni hjá Bændasamtökunum. Þar höfðu þau verið að flokka og nefna liti íslensku geitarinnar og væri nú komið skipulag á litaveggspjaldið sem lengi hefur staðið til að gefa út.

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir tók til máls um starfsemina á sínu búi og fleira. Hún sagðist hafa talað við Matís fyrst fyrir 14 árum síðan um að rannsaka efnainnihald og hollustu geitfjárafurða. Hún hefur á ný sótt um styrk til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vegna þessa og fengið synjun. Aukning hefur verið í heimsóknum að Háafelli og aukinn áhugi fyrir íslensku geitinni. Um 90% gesta eru íslendingar. Sala lífdýra er mjög lífleg og eru sumir að ná sér í nýtt blóð í sinn stofn, en aðrir eru að eignast geitfé í fyrsta sinn. Jóhanna lætur gera osta fyrir sig á Erpstöðum, sem eru aðilar að „Beint frá býli“. Einnig lætur hún gera kjötpylsur hjá Kjötpól, sem er kjötvinnsla sem framleiðir vörur algjörlega án aukaefna. Þá gerir hún sjálf m.a. sápur og krem úr geitatólg og geitamjólk. Jóhanna sagði ánægjulegt til þess að vita að ýmsir væru að þreifa sig áfram með ostaframleiðslu, kjötvinnslu og fleira til að nýta afurðir geitanna.

Anna María Geirsdóttir stóð upp á fundinum, en hún er kunn fyrir brennandi áhuga á íslensku geitinni. Hún hafði meðferðis sjal úr íslenskri geitafiðu til sýnis, úr hráefni sem ún hafði að öllu leyti unnið sjálf. Þá var hún með póstkort, prýdd myndum af íslenskum geitum og einnig veggspjald

með Íslandskorti, þar sem merkt eru örnefni inn á sem kennd eru við geit, hafur eða kið. Íslandskortið nefnir hún „Ísland geitanna“. Anna María færði formanni félagsins þetta örnefnakort að gjöf. Fundarfólki gafst kostur á að kaupa sér póstkort og Ísland geitanna, en hvort tveggja er hugmynd og hönnun sem hún hefur látið gera fyrir sig.

Fram komu spurningar til Birnu um sæðingar og hvort að einhverjir væru að láta sæða nú í ár. Hún svaraði því að 2 aðilar hafi pantað að nýta sér sæðingar og þá fyrir um 20 geitur.

Rætt var um áhuga á námskeiðum í úrvinnslu afurða af geitinni og ákveðið að kanna þá möguleika.

Fundi slitið kl. 16:45.

Fundarritari: Stefanía Sigurðardóttir

Fundargerð 2014

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands haldinn í húsi Framhaldsskóla A-Skaftfellinga á Höfn
8. mars 2014 kl. 14:00

Gunnar J. Helgason formaður félagsins setti fundinn. Hann bauð fundarmenn velkomna og rakti svo í stuttu máli tilurð félagsins sem var stofnað 1991, en árið 2011 voru samþykkt ný lög félgsins og stofnuð kennitala.

Guðni Á. Indriðason var skipaður fundarstjóri og Stefanía Sigurðardóttir fundarritari.

Guðni kynnti dagskrá fundarins og var þar fyrst skýrsla stjórnar.

Gunnar stóð upp og sagði að stuttur tími væri liðinn frá síðasta aðalfundi sem haldinn var í nóvember á síðasta ári og vildi hann því nú fara yfir tímann frá árinu á undan líka og stikla á stóru um störf stjórnar. Sagði Gunnar að komin hafi verið hefð á að halda aðalfundinn í nóvember, en nú hafi verið ákveðið að færa fundinn fram í mars og yrði svo vonandi framvegis. Oft hafi komið til tals að halda aðalfundina úti um land og t.d. hafi hann verið haldinn á Akureyri árið 2011. Á fundinum í nóv. 2013 var ákveðið að halda næsta fund á Höfn og því varð sú raunin nú. Gunnar sagði frá því að í kosningum á aðalfundi 2013 hafi engar breytingar orðið á stjórn félagsins. Gunnar greindi frá því að honum hafi borist bréf þar sem félaginu er boðin aðild að svokölluðum landbúnaðarklasa og að hanni myndi kynna það bréf undir liðnum önnur mál.

Gunnar tók að sér að gera grein fyrir stöðu reikninga félagsins, en gjaldkeri Helgi H. Bragason hafði boðað forföll. Reikningarnir eru unnir með aðsoð fyrirtækis sem nefnist „Ráðgjöf og lausnir“.

Gunnar útskýrði einstaka liði reikninganna, en þar kom m.a. fram að í árslok 2013 er inneign á bankareikningi 315.545 kr. en skuldir og eigið fé er samtals 375.545 kr. Reikningarnir voru bornir undir fundinn og samþykktir.

Næsti liður á dagskrá fundarins voru kosningar.

Samkvæmt lögum félagsins skyldi kosið um formann og gaf Gunnar J. Helgason ekki kost á sér til formanns að þessu sinni. Fundinum hafði borist bréf frá Sif Matthíasdóttur sem vildi bjóða sig fram til formanns. Fundarstjóri las upp bréfið þar sem fram kom stutt kynning á Sif hver hún væri, en hún býr í Hrísakoti á Snæfellsnesi og hefur verið félagi í Geitfjárræktarfélagi Íslands í all mörg ár. Ekki komu fram aðrar uppástungur um formann og var Sif einróma kjörin formaður félagsins.

Því næst þurfti að kjósa um 3 aðalmenn í stjórn í stað Stefaníu Sigurðardóttur, Hallveigar Guðmundsdóttur og Helga H. Bragasonar. Stefanía og Hallveig gáfu ekki kost á sér til endurkjörs, en Helgi gaf kost á sér áfram. Stungið var upp á Guðna Á. Indriðasyni og Gunnari J. Helgasyni . Niðurstaða kosninga varð sú að Helgi var endurkjörinn og til viðbótar voru Guðni Indriðason og Gunnar Helgason kosnir í stjórnina líka. Nýskipuð stjórn mun síðan skipta með sér verkum.

Næst var kosið um varamann í stað Guðna og var Anna María Lind Geirsdóttir kosin. Einnig skyldi kosið um Vilhjálmm Grímsson sem skoðunarmann reikninga og var hann endurkjörinn.

Skipun stjórnar er nú eftirfarandi:

Formaður: Sif Matthíasdóttir Hrísakoti

Aðalmenn: Linda Ríkhardsdóttir Pálmholti Reykjadal, Gunnar Júlíus Helgason Vogum

Vatnsleysuströnd, Helgi H. Bragason Setbergi Fellum og Guðni Ársæll Indriðason Laufbrekku Kjalarnesi.

Varamenn: Bettina Wunsch Brautartungu í Þykkvabæ og Anna María Lind Geirsdóttir Reykjavík

Skoðunarmenn reikninga: Kristjana Jónsdóttir Rangá 3. og Vilhjálmmur Grímsson Rauðá

Að kosningum loknum var komið að erindi Gunnars J. Helgasonar um stöðu íslensku geitarinnar.

Þar fór Gunnar yfir stöðu geitfjárræktar í landinu frá því að skráningar hófust.

Önnur mál:

Fundarstjóri fór yfir bréf sem fundinum hafði borist frá Ólafi R. Dýrmundssyni. Í bréfi Ólafs kom fram að haustið 2012 voru ásettar geitur samtals 849 samkvæmt forðagæsluskýrslum. Þeim hefur haldið áfram að fjölga. Geitfjáreigendur voru samtals 88 með 1-185 geitur hver og hefur þeim einnig fjölgað. Þá eru hjarðirnar orðnar dreifðari um landið. Skýrsluárið 2011-2012 skiluðu 42 geitaeigendur skýrslum um samtals 593 geitur og var stofnverndarframlagið greitt í desember 2013, kr. 4.200 á skýrslufærða geit, að hámarki á 20 geitur í hjarð. Að venju sinni Ólafur, auk þess að hafa umsjón með geitaskýrsluhaldi og greiðslu stofnverndarframlaga, ýmissi upplýsingagjöf um

geiturar, bæði til innlendra og erlendra aðila. Nokkrum leiðbeindi hann vegna kaupa á lífkiðum en Matvælastofnun annast afgreiðslu slíkra mála. Umsóknir þurfa að berast þangað eigi síðar en í júlí. Birna K. Baldursdóttir, starfsmaður Erfðanefndar landbúnaðarins, skipulagði sæðingar sem fyrr og sendi Ólafur henni afrit af öllum geitfjárskýrslum sem bárust árið 2013, en brýnt þykir að ætternisupplýsingar liggi fyrir til þess að unnt sé að koma sem mest í veg fyrir skyldleikarækt. Birna hefur, ásamt félögum í Geitfjárræktarfélagi Íslands, lagt gott lið við að hvetja til reglubundins skýrsluhalds, m.a. með því að heimsækja marga geitfjáreigendur á ýmsum stöðum. Að dómi Ólafs ætti alls ekki að leyfa sölu geita nema skýrsluhald sé viðunandi, hvorki til einstaklinga né hafra til sæðinga. Sem fyrr kom Ólafur að undirbúningi veggspjalds með litaafbrigðum íslensku geitarinnar sem BÍ er að undirbúa. Því miður fékkst ekki fjárveiting til þess að unnt væri að vinna að tölvuvæddu skýrsluhaldi fyrir geitfjárræktina en Tölvudeild BÍ er reiðubúin að vinna að því verkefni þegar færi gefst til þess. Ólafur sendi kveðju á fundinn, en hann sá sér ekki fært að mæta að þessu sinni.

Gunnar Helgason kynnti bréf sem félaginu barst frá stýrihópi um stofnun landbúnaðarklasans. Í bréfinu segir að til þess að auka samheldni og samvinnu aðila sem tengjast landbúnaði hafi stýrihópur unnið að því að koma á fót formlegu samstarfi „landbúnaðarklasa“. Með bréfinu sé kallað eftir þátttöku félagsins og staðfestingu hvað það varðar. Hugmyndin sé sú að tengja saman alla þá sem hafa aðkomu að íslenskri búvöruframleiðslu og með einhverjum hætti byggja tilveru sína á starfi bóndans. Markmiðið er að standa saman að kynningu á landbúnaði sem atvinnugrein, vera öflugur þrýstihópur og almennt að styrkja ímynd og ásjónu landbúnaðarins. Bréfið er undirritað af 7 aðilum sem mynda stýrihóp um stofnun landbúnaðarklasans.

Umræður urðu um bréf Ólafs R. Dýrmundssonar og einnig um bréf vegna stofnunar landbúnaðarklasa. Í framhaldi af þeim umræðum var ákveðið að fela nýskipaðri stjórn félagsins að taka ákvarðanir varðandi einstaka mál sem fram koma í fyrrgreindum bréfum.

Fjölbreyttar umræður áttu sér stað á fundinum varðandi nýtingu kjöts og skinna, slátrun og sútun, sjúkdóma og varnir, ræktunarmál, skyldleikarækt, sæðingar og fleira.

Laufey Guðmundsdóttir Lækjarhúsum í Suðursveit var með sýnishorn af sápum sem hún framleiðir úr geitatólg. Hún framleiðir einnig geitakjöt og fullunnar vörur úr því. Að sögn Laufeyjar gengur salan vel á þessum afurðum, en hún hyggst ekki fara út í að mjólka geitur á sínu búi.

Tveir nýir félagsmenn gengu í Geitfjárræktarfélag Íslands á fundinum.

Fundi slitið kl. 16:00

Fundarritari: Stefanía Sigurðardóttir

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands, 21.mars 2015 kl.14 í Geitfjársetrinu að Háafelli á Hvítársíðu.

Dagskrá fundarins:

- Kosning fundarstjóra
- Stjórn félagsins fer yfir störf félagsins á árinu
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning formanns
- Kosning stjórnar
- Kosning varamanna
- Aðild að Bændasamtökum Íslands
- Lagabreytingar
- Heiðursfélagi
- Önnur mál

-Formaður setur fundinn

-Stungið upp á Gunnari J. Helgasyni sem fundarstjóra og Önnu Mariu Lind Geirsd sem ritara. Fundurinn samþykkir.

-Formaður les skýrslu stjórnar. Sjá meðfylgjandi skýrslu.

- Farið yfir reikninga ársins. Fundur samþykkir.

- Í framboði til formanns, eitt ár, Sif Matthíasdóttir. Fundurinn samþykkir einróma.

- Helgi H. Bragason dregur sig í hlé úr aðalstjórn eftir árs setu, í stað hans býður sig fram Íris Aðalsteinsdóttir til tveggja ára. Fundurinn samþykkir.

-Birna K. Baldursdóttir býður sig fram til stjórnar til þriggja ára. Fundurinn samþykkir.

- Bettina Wunsch býður sig fram til varamanns til tveggja ára. Fundurinn samþykkir.

Stjórn 2015 Skipa:

Sif Matthíasdóttir formaður

Guðni Indriðason

Gunnar Júlíus Helgason

Birna Kristín Baldursdóttir

Írisi Aðalsteinsdóttur

varamenn

Anna María Lind Geirsdóttir

Bettina Wunsch

Aðild að BÍ :

Birna K. Baldursdóttir segir frá fundi með fulltrúum BÍ:

Á s.l. ári var slátrað um 2 tonnum af geitakjöti. Þeir sem vinna við geitaafurðir eru í nýsköpun og eru oft sprotafyrirtæki. Hafa áhuga á styrkjakerfinu eins og aðrir bændur. Verið að undirbúa rafrænan ættargrunn, veltur á því hvort styrkur fæst. . Sótt var um í Framleiðnisjóð landbúnaðarins í janúar vegna ættar- og upplýsingagrunns fyrir geiturnar, umsækjendur voru Erfðalindasetur LbhÍ, Bændasamtök Íslands (BÍ), Geitfjárræktarfélag Íslands (GÍ) og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML)..

Sif: Kostar 400.000 kr á ári að vera í BÍ fyrir félagið og lágmark 50 félagar. Næsta skref er að skipa Búnaðarfélagsfulltrúa og samræma lög félagsins að lögum BÍ og fleira.

GJH: 57 greiddu félagsgjöld 2013 og 2014.

ÓRD: Eðlilegast er að formaður sé fulltrúi félagsins í BÍ en stjórn þarf að skipa varafulltrúa.

Breyting á lögum: Stjórn leggur til að gr. 9 : Árgjald félagsins er 2000 kr. og innheimtist í upphaf hvers almanaksárs verði breytt: Árgjald félagsins ákvarðast af aðalfundi hvert ár og innheimtist í upphaf hvers almanaksárs. Fundurinn samþykkir einróma.

Hlé

-Aðalfundur samþykkir að hækka árgjald úr 2000 kr í 4000 kr með hliðsjón af aðildagjaldi í BÍ.

-Heiðursfélagi er kynntur : Ólafur R. Dýrmundsson. Formaður SM les erindi um ÓRD sjá meðfylgjandi skjal. Honum þakkað gott starf og veitt viðurkenningarskjal, heiðursfélagagripur og blóm.

ÓRD heldur tölu: Þakkar veittan heiður, segir af fyrstu kynnum sínum af geitum. Minnir á verndun stofnsins, að vera félagi í BÍ snýst um afurðirnar og nytina en verndun stofns er undir Menntamálaráðuneyti og UNESCO. Aðför af íslensku mjólkurkýrinni er áhyggjuefni ef þeir sem vilja flytja inn erlend mjólkurkyn fá sínu framgengt. Sérstaða íslensku stofnanna er að þeir eru gamlir stofnar og enn nytjastofnar en ekki gripir á söfnum eða dýragörðum.

Almenningur á Íslandi er hlynntur verndun stofnanna sér í lagi geitarinnar. Gömlum húsdýrastofnum fer fækkandi í heiminum. Fjölbreyttir stofnar.

Sigurður Sigurðarson: Óskar kollega sínum í heiðursfélagi til hamingju. Geitur Háafells eru uppspretta mikils og dýrmæts erfðaefnis. SS er að þýða sænskan bækling um sjúkdóma í geitum á Íslensku. Nefnir sem dæmi að geitur eru sérlega viðkvæmar f. garnaveiki, riða hefurekki enn fundist í geitum enn sem komið er á Íslandi en þær geta samt smitast. Garnaveikibólusetning er fyrsta haust dýrsins og endist alla ævi.

ÓRD geitur sem voru fluttar úr Húsdýragarðinum að Sólheimum í Grímsnesi smituðust af garnaveiki þar . Geitur af Þormóðsdalsstofni sem voru fluttar út til Skotlands 1986 til að mynda Scottish cashmere goat smituðust af garnaveiki í Skotlandi. Enn er verið að selja geitur frá bæjum sem eru hvorki með skýrsluhald né skila skýrslum til ráðunauts en samt leyfir matvælastofnun sölu. Stórt vandamál. þeir sem kaupa lífdýr ber að kanna hvort að seljendur haldi skýrslur og skili þeim til ráðunauts. Kominn er bunki af svörum við spurningum um vanhöld og sjúkdómum í geitur hjá Eyþóri Einarssyni sem eftir er að vinna úr en verður mikilvægt til að auka þekkingu um heilsu geita.

SS: Tekur dæmi af karakúl fé sem flutt var inn frá Bretlandi með öbunka af heilbrigðisvottorðum sem komu með 4 nýja sjúkdóma til landssins. Of mikið af því að bændur þegji yfir sjúkdómum og heygji sýkt dýr í laumi.

Önnur mál

-Fundarmenn beðnir um að kynna sig og svo er gert.

-Jóhanna B. Þorvaldsdóttir : Fór í geitostanálm til Svíþjóðar þar sem hún rakst á bækling eftir sænskan dýralækni, Kalle Hammarberg, sem hefur sérhæft sig sjúkdómum í sauðfé og geitum. Sigurður Sigurðarson er að þýða bæklinginn á íslensku. Í bæklingnum kemur m.a. fram að geitur eru viðkvæmari en sauðfé fyrir t.d. svæfingum og deyfingu og ef ekki er varlega farið er hægt að drepa geit með skammti ætluðum sauðfé. Geitur þurfa meira magn af ormalyfi og taka bólusetningum ver en sauðfé. Maltrextakt við magakveisum barna gagnast kiðum. Floppy kid syndrome er natríumskortur í nýfæddum kiðum sem eru slöpp og sljó eftir burð og drepast oft. Hægt að gefa þeim inn samarín eða matarsóða til að hressa þau við.

Geitur þurfa meira tréni en sauðfé og sækja því oft í rýrari tún og úthaga hey eða s.k. hestahey hentar þeim vel. Hafurskið geta orðið kynþroska við 4 mánaða aldur og fylgdi saga um ungan hafur sem hafði stokkið í kró hjá geitum og varði 7 klt þar. Undan honum á sama tíma fæddust 96 kiðlingar. Huðnur geta orðið kynþroska 5 mánaða.

- Eftir fylgja almennar umræður um hegðun geita og það að þær eru sér tegund og ekki sauðfé og ekki kýr.

Fundi slitið.

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands 2016

Haldin á veitingastaðnum „Gott í gogginn“ á Sauðárkróki þann 18. mars 2016 kl. 15

Dagskrá

Formaður setur fundinn og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara

Lögmæti fundar

Formaður flytur skýrslu stjórnar og störf á liðnu ári

Gjaldkeri skýrir reikninga

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Reikningar bornir undir atkvæði

Búvörusamningar

Lagabreytingar

Árgjald félagsins

Kostningar

Önnur mál

Fundarslit

Sif Matthíasdóttir formaður setti fundinn og stingur upp á Gunnari Júlíusi Helgasyni sem fundarstjóra og Birnu Kristínu Baldursdóttur sem fundarritara, samþykkt.

Sif flutti skýrslu stjórnar, sjá meðfylgjandi skýrslu.

Guðni gjaldkeri skýrði reikninga og fram kom að félagsgjöldin ein og sér myndu ekki duga fyrir árgjaldi til BÍ sem er 400 þúsund á ári. Reikningar voru samþykktir. Rætt var um skýrslu stjórnar.

Breytingar á samþykktum félagsins voru ræddar og samþykkt að árgjald yrði kr. 6.500. Félagið verður skammstafað GFFÍ og nýjar samþykktir fyrir félagið samþykktar.

Sif var endurkjörin formaður til eins árs, skoðunarmaður reikninga var kosin Guttormur Stefánsson, varamaður í stjórn Jóhanna B. Þorvaldsdóttir og varamaður á Búnaðarþing Guðni Indriðason.

Stjórn 2016 skipa:

Sif Matthíasdóttir formaður

Guðni Indriðason gjaldkeri

Birna Kristín Baldursdóttir ritari

Gunnar Júlíus Helgason

Íris Aðalsteinsdóttir

varamenn

Bettina Wunsch

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir

Fulltrúi á Búnaðarþing Sif Matthíasdóttir
Varafulltrúi á Búnaðarþing Guðni Índriðason

Önnur mál: fundinum barst kveðja frá tveimur heiðursfélögum sem ekki komust á fundinn þeim Sigurði Sigurðarsyni og Ólafi R. Dýrmundsyni. Fundarstjóri lagði til að allir viðstaddir myndu kynna sig og segja frá sínu geitahaldi. Jóhanna sagði frá Slow food samtökunum og Presidum þar sem íslensku geiturnar eru komar inn. Ark of taste er forstig þess að fá skráningu í Presidum og þar hafa geiturnar verið síðan 2006. Birna sagði frá frá rannsókn á uppruna og stöðu geitastofnsins og sýndi veggspjald.

Fundi slitið.

Eftir fund bauð Karl Bjarnason fundarmönnum að skoða sítunarverksmiðjuna sem var í alla staði mjög fróðlegt og skemmtilegt. Um kvöldið var haldin árshátíð í tilefi af 25 ára afmæli félagsins.

Aðalfundur Geitfjárræktarfélag Íslands 2017

Haldin á veitingastaðnum Tryggvaskála á Selfossi þann 25. mars 2017 kl. 13

Dagskrá

Formaður setur fundinn og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.

Formaður flytur skýrslu stjórnar og störf á liðnu ári.

Gjaldkeri skýrir reikninga.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Reikningar bornir undir atkvæði.

Árgjald félagsins.

Umræður og afgreiðsla tillagna.

Kostningar samkvæmt 4. grein.

Önnur mál

Erindi Huldu Brynjólfsdóttur

Fundarslit

1. Sif Matthíasdóttir formaður setti fundinn og stakk upp á Gunnari Júlíusi Helgasyni sem fundarstjóra og Birnu Kristínu Baldursdóttur sem fundarritara, samþykkt. Fundarstjóri lagði til að mættir kynntu sig og segðu frá því hvað þeir ættu margar geitur
2. Formaður flutti skýrslu stjórnar, sjá meðfylgjandi skýrslu.
3. Guðni Ásæll Indriðason gjaldkeri skýrði reikninga og fram kom að eignir félagsins námu í árslok 2016 kr. 453.744.
4. Umræður fóru fram um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins fyrir 2016. Fram kom að af þeim 80 félagsmönnum sem fengu senda gíróseðla fyrir félagsgjöldum 2016 höfðu 59 greitt.
5. Reikningar voru samþykktir.
6. Samþykkt að árgjald yrði óbreytt kr. 6.500.
7. Umræður og afgreiðsla tillagna

Tillaga frá gjaldkera: „Aðalfundur GFFÍ haldin í Tryggvaskála Selfossi 25. mars 2017 samþykkir þá viðmiðunarreglu að þeir félagsmenn sem ekki greiða félagsgjöld tvö ár í röð falli af félagaskrá“.

Tillaga samþykkt.

8. Sif Matthíasdóttir var endurkjörin formaður án mótframboðs. Í fyrsta sinn í sögu GFFÍ þurfti að kjósa milli frambjóðenda til stjórnasetu og hlutu Guðni Ásæll Indriðason, Anna María Lind Geirsdóttir og Anna María Flygenring flest atkvæði. Skoðunarmaður reikninga var kosinn Vilhjámur Grímsson. Stjórn mun skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund.

Stjórn GFFÍ árið 2017 skipa:

Sif Matthíasdóttir formaður

Guðni Indriðason

Birna Kristín Baldursdóttir

Anna María Lind Geirsdóttir

Anna María Flygenring

Varamenn í stjórn:

Bettina Wunsch

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir

Fulltrúi á Búnaðarþing Sif Matthíasdóttir

Varafulltrúi á Búnaðarþing Guðni Indriðason

Skoðunarmenn reikninga:

Guttormur Stefánsson

Vilhjálmur Grímsson

9. Önnur mál:

Rætt var um samstarf við Listaháskóla Íslands um að gera LOGO fyrir geitaafurðir og fram kom hugmynd um að halda samkeppni meðal nemenda Listaháskólans og veita peningaverðlaun fyrir þrjár bestu hugmyndirnar.

Helena Hólm sagði frá verkefni sem hún er að vinna að við framleiðslu á geitapate og pylsum. Sagðist hún hafa fengið nýsköpunarstyrk til að þróa þessar vörur. Hún hvatti til samstarfs geitfjárræktenda við framleiðslu á geitaafurðum.

10. Hulda Brynjólfsdóttir kynnti fyrir fundinum fyrirhugaða spunaverksmiðju sem hún ætlar að setja upp heima hjá sér. Vélarnar kaupir hún frá Kanada og eru þær væntanlegar til landsins í sumar. Alls eru 14 vélar í samstæðunni sem hún kaupir og smíða þarf til viðbótar nokkrar. Hún sagðist hafa heimsótt fólk í Kanada sem rekur slíka verksmiðju og kynnt sér aðstæður. Hulda sýndi fundarmönnum band af ýmsum gerðum.

Fundi slitið.

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands 2018

Fundurinn var haldinn í húsnæði Hjálparsveitar skáta á Malarhöfða 6 í Reykjavík þ.
7.apríl 2018 kl. 13.00

Dagskrá

1.Sif formaður setti fundinn og stakk upp á Önnu Maríu Lind Geirsdóttur sem fundarstjóra og Önnu Maríu Flygenring fundarritara. Samþykkti fundurinn þá skipan.

2. Sif flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu atriði í störfum hennar. Ársskýrslan verður aðgengileg á vef félagsins sem og fundargerð ársfundar. Fram kom að fjöldi geita á landinu er 1123 á 102 búum.

4. Gjaldkeri lagði fram reikningana, og útskýrði helstu liði.

5. Ársskýrslan og reikningar til umræðu, ekki voru gerðar athugasemdir og voru skýrsla og reikningar samþykktir einróma.

6. Samþykkt var óbreytt árgjald 6500 kr.

7. Kosningar. Kjósa á formann árlega, Sif formaður gaf ekki kost á sér áfram.

Frambjóðendur kynntu sig í fáum orðum. Anna María Flygenring bauð sig fram og var kosin formaður með lófaklappi. Einnig var kosið í aðalstjórn. Birna K.

Baldursdóttir gaf kost á sér áfram til þriggja ára, og einnig var Guðný Ívarsdóttir

kosin, báðar með lófaklappi. Í varastjórn var Bettina Wunsch og var kosin áfram, inn kom sem varamaður Guðmundur Freyr Kristbergsson og var klappað fyrir þeim.

Varamenn eru kosnir til tveggja ára í senn. Kjósa átti annan skoðunarmanninn og var stungið upp á Magnúsi Kristjánssyni, hann kosinn með lófaklappi. Undir þessum lið urðu nokkrar umræður um hvort lagabreytingar væru nauðsynlegar, einfalda þyrfti t.d. reglur um kosningar.

8. Önnur mál. Sif sýndi tillögur nemenda Listaháskólans sem hlutu verðlaun á skjá og sagði frá samkeppni þeirra um merki geitaafurða. Ákveðið hafði verið að verðlauna bestu tillögurnar og fá jafnframt rétt á notkun þeirra. Fundarmenn voru ánægðir með verðlaunatillöguna og verður betur kynnt á næstunni hvernig notkun merkisins verður háttáð.

Anna María Flygenring þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið og þakkaði traustið.

Hún ræddi einnig um skýrsluforrítið Heiðrúnu og að send hefði verið kvörtun til tölvudeildar B.Í þar sem helstu ágallar voru taldir upp. Er vonast eftir betrubótum hið fyrsta.

Ólafur Dýrmundsson sagði frá Slow Food samtökunum og minnti á þátt geitaræktar þar. Það væri virðing og viðurkenning fólgin í að geitin væri samþykkt þar inn. Hann sagði einnig frá því að hann yrði í pallborði á málþingi samtakanna í Kaupmannahöfn 27.-29.apríl n.k. Hvatti hann stjórnarmenn til að fara einnig.

Rætt var um þátttöku félagsins á fyrirhugaðri landbúnaðarsýningu í október. All mikill kostnaður fylgir því en 9 fermetra bás kostar yfir 200 þús. Rætt var um möguleika þess að fá fleiri aðila með okkur og komu uppástungur um Eiganda og ræktendafélag landnámsheimsna, og Uppspuna (spunaverksmiðja) Huldu Brynjólfsdóttur.

Anna María Lind sagði frá því að hún hefði pantað og keypt all marga kamba og hefði þá til sölu, gæti fólk haft samband við hana til að kaupa sér kamba og hvatti fólk til að kamba geiturnar, það liggja verðmæti í fiðunni.

Kaffiveitingar í boði stjórnar á eftir og er Önnu Maríu Lind þakkað fyrir umsjón með kaffinu.

Fundi var slitið kl. 16.00

Fundarritari var Anna María Flygenring.